

Aðgerðirnar miði við langa niðursveiflu

Sviðsstjóri hjá Deloitte segir að næstu efnahagsaðgerðir stjórnvalda þurfi að taka mið af því að niðursveiflan verði meiri en svartsýnustu spár gera ráð fyrir. Borðleggjandi sé að þær verði sértækari.

EFNAHAGSMÁL „Það er í rauninni alveg sama hvaða efnahagsaðgerðir vegna COVID manni detta í hug. Það eru stjórnvöld einhvers staðar búin að grípa til þeirra,“ segir Björgvin Ingi Ólafsson, sviðsstjóri hjá Deloitte, sem hefur skoðað aðgerðir mismunandi landa vegna stöðunnar í efnahagsmálum.

Stjórnvöld hafa boðað frekari aðgerðir og er gert ráð fyrir að þær verði kynntar á morgun. Björgvin telur að ríkisstjórnin sé skýr í sínum áherslum en hafa þurfi í huga hvaða aðstæður verði sé að búa sig undir.

„Mitt mat er að niðursveiflan í þessu alþjóðlega þjónustuhagkerfi okkar, ferðaþjónustunni og tengdri starfsemi, verði miklu meiri en svartsýnustu spár gera ráð fyrir. Það er óraunhæft að það verði einhver viðsnúningur í september. Aðgerðirnar þurfa að taka mið af því.“

Jákvæðu hlutirnir séu lágt vaxtastig í heiminum, lágt oliuverð og góð staða ríkissjóðs. „Mér finnst ríkisstjórnin vera samstillt og einbeitt í sínum aðgerðum. Það er ekki verið að hlaupa til með töfralausnir sem er jákvætt. Við munum komast í gegnum þetta en kaupmáttur okkar verður rýr næstu misserin.“

Björgvin segir að draga megi efnahagsaðgerðir vegna COVID gróflega í þrjá flokka. Í fyrsta lagi sé um að ræða frestun á gjöldum, í öðru lagi varanlegar niðurfellingar á gjöldum og í þriðja lagi beinar greiðslur. „Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa



Björgvin Ingi Ólafsson

mikið til verið blanda af þessu. Það eru auðvitað mismunandi skoðanir um hvert vægið á þessum þáttum á að vera og hverjir þurfa mest á hvaða aðgerðum að halda.“

Hvað líklegar aðgerðir varðar nefnir Björgvin niðurfellingu tryggingagjalds, útvíkkun hlutabótaleiðar fyrir verst settu atvinnugreinarnar og styrki til fyrirtækja til að mæta föstum kostnaði eins og kynnt hafi verið í Danmörku.

„Mér finnst það borðleggjandi að aðgerðirnar nú verði sértækari en verið hefur. Það er ákveðin tegund fyrirtækja sem mun ekki komast í gegnum skaflinn í núverandi strúktúr. Ríkið þarf að ákveða hvort það sætti sig við það eða ekki.“

Þá bendir Björgvin á leið sem farin hefur verið í Noregi sem snýr að samþættingu á skattárum. Þannig verði heimilt að láta vænt tap yfirstandandi árs ganga upp í tekjuskattsgreiðslur vegna hagnaðar síðasta árs. „Svo kæmi mér ekki á óvart ef kynntar yrðu aðgerðir til að styrkja lausaffjárstöðu almennings. Það væri til dæmis hægt að gera með tímabundinni frestun greiðslna í lífeyrissjóði.“ – sar

Rapyd kaupir Korta

VIÐSKIPTI Gengið hefur verið frá kaupum alþjóðlega fjártækniyrirtækisins Rapyd á öllum hlutum í greiðslumiðlunarfyrirtækinu Korta. Eru kaupin gerð með fyrirvara um samþykki Seðlabankans.


Í tilkynningu frá Kviku banka, einum af hluthöfum Korta, segir að kaupverðið greiðist með reiðufé en hluti þess tekur mið af rekstri Korta á þessu ári.

Endanlegt kaupverð mun því ekki liggja fyrir fyrr en í upphafi næsta árs. Sem kunnugt er keypti Kvika banki og hópur einkafjár-

fasta Korta á eina krónu í lok árs 2017 og lögðu félaginu um leið til nærrí 1.500 milljónir króna í nýtt hlutafé.

Í fréttatilkynningu frá Korta segist Arik Shtilman, forstjóri Rapyd, hlakka til að vinna með teymi Korta að frekari vexti og útrás.

„Með kaupunum opnast tækifæri fyrir Korta til þess að veita íslenskum fyrirtækjum framúrskarandi þjónustu á sviði greiðslumiðlunar með bættu vöruframboði og fjártæknilausnum frá Rapyd,“ segir Shtilman. – sar



Fólk hefur í miklum mæli farið í göngutúra og stundað hjóleiðar til þess að hressa sig við í samkomubanninu vegna kórónaveirunnar undanfarið. Hér er vaskt útivistar fólk í Elliðaárdalnum í Árbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Allir prófa frítt í mánuð



Nýtt hjá Nova!

Vertu með AlltSaman hjá Nova!

Ótakmarkað net í allt


Farsímaáskrift innifalin

Eitt fast verð

Allir fá að prófa frítt

Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

Veður



Sunnan 8-15 m/s og súld fyrir vestan. Dregur úr úrkomu þar á morgun. Slydda norðvestantil. Skýjað með köflum á norðausturlandi. Hiti 5 til 13 stig. **SJÁ SÍÐU 16**



Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir á fundi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Faraldurinn í rénun hérlendis

COVID-19 Alls greindust 11 ný COVID-19 smit hér á landi á laugardaginn var, samkvæmt tölum sem birtust í hádeginu í gær á vefnum covid.is. Fimm smit greindust á sýkla-og veirufræðideild Landspítalans en sex hjá Íslenskri erfðagreiningu. Tekin voru rúmlega 1.670 sýni á laugardaginn. Sex smitanna greindust á höfuðborgarsvæðinu og fimm á Vestfjörðum. Faraldurinn hefur verið á niðurleið hér á landi að undanförunu.

» Virkum smitum hefur fækkað hér dag frá degi síðan 5. apríl síðastliðinn.

Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir, segir að hópsýkingin á Vestfjörðum sýni að enn verði að vera á varðbergi. Þá geti hver sýktur einstaklingur smitað marga í kringum sig og því þurfi þeir sem finna fyrir einkennum sjúkdómsins að láta strax vita af sér svo hægt sé að taka sýni. Alma Möller, landlæknir, benti á það á upplýsingafundi almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra um helgina að viðbúið væri að sveiflur verði í fjölda smitaðra milli daga á næstunni.

Virk smit á landinu eru nú 434 talsins og hefur þeim farið fækkaði dag frá degi frá 5. apríl þegar virk smit voru 1.096. 1.328 einstaklingar hafa nú náð bata en samtals hafa 1.771 smit greinst hér á landi. Að því er fram kemur á vef covid.is eru 28 nú á sjúkrahúsi og fjórir á gjörgæslu. – hó

Bak við tjöldin á upplýsingafundi



Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra stóð í gær fyrir sínum 46. fundi þar sem veittar hafa verið upplýsingar um stöðu mála á landinu vegna kórónaveirufaraldursins. Hér gefur að líta blaða- og myndatökumenn sem hlustuðu og sendu út það sem fram fór á fundinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Messuhald hefst um miðjan maí

TRÚMÁL Opið helgihald í kirkjum landsins má hefjast þann 17. maí næstkomandi. Ekki mega fleiri en fimmtíu manns vera í kirkjurýmiinu í einu og þá skal gæta þess að tveir metrar séu ávallt á milli gesta í kirkjunni. Þetta kemur fram í bréfi sem biskup sendi til sókna sinna.

Þar kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir altarisgöngum eða öðrum helgisíðum þar sem krafist er nándar og nærveru. Enn fremur segir að heimilt sé að ferma eitt til tvö börn í einu en hvorki er ætlast til að prestur taki í hönd fermingarbarns né leggi hönd á höfuð þess eins og venjan er. Þá verður ekki gengið til altaris í fermingarathöfnum.

Að hámarki 50 manns skulu vera í fermingarveislum en ekki er æskilegt að eldra fólk eða fólk með undirliggjandi sjúkdóma taki þátt í mannamótum eða fjölmennum samkomum, samkvæmt ráðleggingum sóttvarnalæknis. – oæg

Býr til grundvöll að símtali um minningar

Starfsmaður Hrafnistu les upp úr árbókum Ferðafélagsins í frítíma sínum og gerir upptökur af lestrinum aðgengilegar. Hann vonar að umfjöllunin verði grundvöllur að símtali til eldra fólks um eitthvað annað en faraldurinn.

SAMFÉLAG „Ástædan er margþætt en það má segja að þetta sé mín tilraun til að tengja saman yngri kynslóðina við þá eldri sem er frekar einangruð núna, með því að bjóða upp á annað umræðuefni en faraldurinn,“ segir Svavar Jónatansson, starfsmaður Hrafnistu, hljóðbókalesari og leiðsögumaður.

Með samþykki Ferðafélags Íslands hefur hann tekið sig til og lesið valda kafla úr árbókum Ferðafélagsins síðustu tvær vikur og gert þá aðgengilega fritt á netinu og í hlaðvarpsformi undir nafninu Kórónulestur. „Með því að lesa upp úr þessum árbókum vonast ég til að skapa grundvöll til samtals þar sem yngri og eldri kynslóðir geta spjallað um eitthvað annað en núverandi ástand.“

Svavar hefur fengið við hljóðbókalestur síðustu tvö ár og dagskrárgerð á Rás 1 síðastliðinn áratug. Hver lestur úr árbókunum er á bilinu hálf tími upp í klukkustund. Rödd Svavars er þjál og má segja að hún henti vel í verkefni af þessu tagi. „Þetta er líka fin æfing fyrir mig. Svo veit ég hversu jákvæð áhrif lestur fyrir fólk getur haft, að fenginni reynslu héðan af Hrafnistu.“

Líkt og margir aðrir starfsmenn hjúkrunarheimila er Svavar í takmörkuðum samskiptum utan vinnunnar þessa dagana. „Það er mjög gott að hafa eitthvað svona fyrir stafi þegar ég kem heim, enda lítíð um hitting við vini og fjölskyldu.“

Síðustu vikur hafa margir staðið sig í að hringja í eldra fólk og aðra sem eru í sjálfskipaðri sóttkví vegna áhættuþátta. „Þessi símtöl geta orðið ansi formúlukennd eftir einhvern tíma og fara svo oft að snúast eingöngu um



Svavar hefur útbúið stúdíó á heimili sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

» Árbækurnar eru endalaus fróðleiksbrunnur. Það er allur andskotinn í þessu.

Svavar Jónatansson

faraldurinn, umræðuefni sem getur orðið yfirþyrmandi. Með þessu vil ég gefa fólki hugmyndir að öðrum umræðuefnum,“ segir Svavar. „Minningar geta verið það verðmætasta sem fólk á og frásagnirnar í þessum árbókum eru svo gott tækifæri til að endurupplifa góðar minningar, til dæmis tengdar ferðalögum innanlands.“

En hvers vegna árbækur Ferðafélagsins?

„Árbækurnar eru endalaus fróðleiksbrunnur. Það er allur andskotinn í þessu. Hver blaðsíða bætir við einhverri þekkingu, þetta eru líka algjörir gullmolar fyrir leiðsögumenn. Nýlegur lestur var um Heklu úr árbókinni frá 1945. Þar er ítarleg útlístan á öllum gosum frá landnámi til fimmta áratugarins.“

Margir koma líklega til með að ferðast innanlands í sumar, og getur þetta því líka vakið áhuga landsmanna á eigin landi. „Þessi lestur kveikir áhuga á ýmsum svæðum sem maður hefði ekki endilega hugsað sér að ferðast til. Svo veit ég, að fenginni reynslu af Hrafnistu, að þetta gerir fólki kleift að ferðast á vængjum minninganna.“ Lesturinn má nálgast á slóðinni www.svavar.net/korona.arib@frettabladid.is

BERRY ALLOC
Harðparket
MIKIÐ ÚRVAL Á LAGER

ALFABORG
- allt á gólfð -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Pantaðu tíma í dekkjaskipti á n1.is

N1
Bílaþjónusta

Sparaðu tíma og slepptu við biðraðir

Nú eru breyttar aðstæður og því borgar sig að huga snemma að dekkjaskiptum. Bókaðu á netinu og tryggðu þér tíma sem hentar til að skipta yfir á mjúk og þægileg sumardekk.

Bókaðu tíma í dekkjaskiptin á n1.is

440 1000 n1.is

N1

ALLA LEIÐ



Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Lyfjastofnun heimilt að flytja inn hampfræ

IÐNAÐUR Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur gert breytingu á reglugerð um ávana- og fíkniefni sem veitir Lyfjastofnun undanþáguheimild til innflutnings, meðferðar og vörslu fræja til ræktunar iðnaðarhamps. Heimildin er háð skilyrðum og takmörkunum svo tryggt sé að ekki verði fluttar inn eða ræktaðar plöntur sem innihalda vímuefnið THC í nýtanlegu magni, eða að hámarki 0,2%.

» Talið er að iðnaðarhampur geti komið í stað plasts í byggingariðnaði.

Vaxandi áhugi er fyrir ræktun iðnaðarhamps hér á landi til að nota í ýmsum iðnaði, til dæmis sem byggingarefni en talið er að iðnaðarhampur geti komið í staðinn fyrir ýmis efni sem ógna umhverfinu, eins og plast. Notkun á iðnaðarhampi eins og þeim sem lýst var hér að framan er heimil að uppfylltum tilteknum skilyrðum í Svíþjóð og Danmörku. Svo er aftur á móti ekki í Noregi en þar eru þessi mál til skoðunar um þessar mundir. Innan Evrópusambandsins hefur ræktun á iðnaðarhampi verið hluti af styrkjakerfi ESB frá árinu 2000.

Iðnaðarhampur er ein tegund kannabis en planta með því heiti er ýmsum kunn sem vímuefni. Vímuvaldurinn í kannabis er virka innihaldsefnið THC sem auk þess að valda vímu er ávanabindandi. Iðnaðarhampur, það er þau yrki kannabisplöntunnar sem ræktuð eru til iðnaðarframleiðslu eru aftur á móti frábrugðin hefðbundnum yrkjum plöntunnar þar sem þau innihalda lítið sem ekkert af THC.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra leggur áherslu á að reglugerðarbreytingin sé tímabundin ráðstöfun: „Ávana- og fíkniefnalöggjöfin hefur skýr markmið og tilgang sem fellur augljóslega að málefna sviðum heilbrigðisráðuneytisins. Það gerir sú ræktun sem hér um ræðir hins vegar ekki, að því gefnu að hún stangist ekki á við inntak og markmið þessara sömu laga“ segir ráðherra. - hó

Fyrsta tilfelli bótúlisma greindist á Íslandi í 37 ár

HEILBRIGÐISMÁL Greint er frá því í fréttabréfi Söttvarnalæknis sem gefið var út fyrr í þessum mánuði að þann 18. janúar síðastliðinn hafi bótúlismi verið staðfestur hjá fullorðnum einstaklingi hér á landi. Þetta er í fyrsta skipti sem slík eitrun greinist í einstaklingi hér á landi síðan árið 1983. Sjúklingurinn náði bata.

Fram kemur í umfjöllun um bótúlisma á vef Landlæknis að bótúlínusýkilinn hafi einnig

fundist í heimalöguðum súrur blóðmör. Algengustu orsakir bótúlisma eru heimalöguð matvæli eins og kjöt, fiskur, grænmeti og ávextir, sem eru oftast niðursöðin, grafin, súrsuð eða gerjuð og gjarnan í lofttæmdum umbúðum.

Sýkingar má oft rekja til lítillar söltunar eða of lítillar sýru í niðurlöguð grænmeti eða fiski. Niðursuðudósir sem virðast banga út vegna þrýstings innan frá skyldi ekki opna þar sem sýkillinn getur

» Bótúlismi er mjög sjaldgæf eitrun sem aðeins hefur greinst hér á landi þrisvar, fyrst árið 1949 og svo árin 1981 og 1983.

stundum myndað gas inni í dósunum. Börn geta fengið bótúlisma og veikt alvarlega af því að borða hunang. Því eru foreldrar varaðir

við því að gefa börnum yngri en 12 mánaða hunang.

Bótúlismi er mjög sjaldgæf eitrun sem hefur aðeins greinst hér á landi þrisvar sinnum, fyrst árið 1949 þegar fjórir menn veiktust eftir neyslu súrsaðs dilkakjöts og einn þeirra lést. Aftur greindist hún 1981, þegar fjögurra manna fjölskylda veiktist, og síðast árið 1983, þegar móðir og barn veiktust eftir að hafa borðað súrt slátur sem bakterían fannst í. Öll lifðu af. - hó

Fara í þrot ef ekkert er að gert

Ferðaskrifstofur sem að selja ferðir hér á landi stefna margar í þrot. Samtök ferðapjónustunnar kalla eftir innistæðusjóði sem hafi það hlutverk að endurgreiða ferðamönnum sem hafa seinkað ferðum til Íslands.

FERÐAÞJÓNUSTA „Við getum siglt okkar lífróður tekjulaus í nokkra mánuði til viðbótar, en það verður sífellt erfiðara þegar í ofanálag koma endurgreiðslur sem og aukin útgjöld, til dæmis mikil hækkun trygginga til Ferðamálastofu,“ segir Scott Drummond, leiðsögumaður og rekstrarstjóri Hidden Iceland. „Það þarf meira að koma til ef tilvil og meðalstór fyrirtæki í ferðapjónustu eiga ekki að fara í þrot.“

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, gaf út reglugerð í mars sem heimilar Ferðamálastofu að taka tillit til aðstæðna tryggingaskyldra aðila vegna COVID-19 faraldursins og áhrifa hans á íslensk ferðapjónustufyrirtæki við útreikning tryggingafjárhæðar. Samkvæmt reglugerðinni, sem hefur þegar tekið gildi, er heimilt að áætlun tryggingaskylds aðila fyrir árið 2020 verði lögð til grundvallar við útreikning í stað ársins 2019.

Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu stóð aldrei til að heilt yfir fengju allar ferðaskrifstofur verulega lækkun á tryggingarfjárhæðinni. Útgangspunkturinn er alltaf að tryggingin dugi fyrir endurgreiðslu að fullu, komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar. Þar sem óvissa er um hvenær ferðapjónustan tekur við sér varðandi ferðir erlendra ferðamanna sem og ferðir folks erlendis kann að vera að til þess komi að endurmeta þurfi tryggingarfjárhæðirnar raskist áætlanir ferðaskrifstofanna verulega.

Scott segir ástandið kalla á aðgerðir. „Samdrátturinn í ferðapjónustu hefur ekki bara verið um 30 til 40 prósent, heldur er hann nær 120 prósent vegna endurgreiðslna ofan á algjöran



Ritur Kynniferða standa nú númeralausar þar sem fáir ferðamenn eru hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

» Nánast allar þær þjóðir sem við berum okkur saman við hafa gert meira fyrir sína ferðapjónustu en við.

Ásberg Jónsson, framkvæmdastjóri Nordic Visitor



tekjumissi,“ segir Scott. „Þátttaka ríkisstjórnarinnar í launakostnaði hjálpar mjög mikið en laun og launatengd gjöld eru aðeins hluti af föstum útgjöldum.“

Ásberg Jónsson, framkvæmdastjóri Nordic Visitor, segir að nú séu gallar núverandi kerfis að koma bærslulega í ljós. Íslenskar ferðaskrifstofur eru með sína eigin gjaldprotatryggingu en langflestar aðrar þjóðir innan Evrópu eru með einhvers konar tryggingasjóð sem auðveldar ríkinu að gripa inn í,“ segir Ásberg. „Ljóst er að íslenska ríkið þarf að stíga inn og heimila ferðaskrifstofum að endurgreiða í formi inneignar eins og flestar Evrópuþjóðir hafa nú gert.“

Aðspurður segir hann að slík aðgerð sé á þessum tímabili raunhæf og nauðsynleg. „Ef ríkið gerir ekkert þá fer mikill meirihluti ferðapjónustufyrirtækja í þrot. Það myndi valda gríðarlegu

tjóni á framtíðartekjur landsins og tjóni fyrir neytendur,“ segir Ásberg. „Nánast allar þær þjóðir sem við berum okkur saman við hafa gert meira fyrir sína ferðapjónustu en við, samt er ferðapjónustan hér á landi mun stærri hluti af okkar hagkerfi en hjá þessum þjóðum.“

Samtök ferðapjónustunnar hafa lagt til við stjórnvöld að fari verði í stofnun slíks sjóðs, er það til skoðunar inni í stjórnkerfinu. „Við bindum vonir við að stjórnvöld fari þessa leið,“ segir Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri hjá SAF. „Það verði þá settur á laggirnar sem geti þá tryggt innistæður neytenda sem gefnar verða út fyrir þær ferðir sem hætt hefur verið við.“

arib@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBODSADILI

Jeep



RAM



ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTREINSADIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 534 4433



Pallbíll frá ARE á alla USA pallbíla



Úrval af felgum fyrir Jeep og RAM



Upphækkunarsett í Wrangler



Upphækkunarsett í RAM



Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og ihluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérþöntum varahluti í aðra USA bíla.



ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 534 4433 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00



Upphaf nýrra drauma!



Ergomotion

Góður nætur svefn er lykillinn að góðum morgundegi.
Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion.
Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá pokagormum yfir í náttúrulegar latexdýnur eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.



FRÍTT KAKÓ OG KAFFI

Í EINUM GRÆNUM



Renndu við í næstu verslun okkar og gríptu með þér rjúkandi bolla af kakó eða kaffi í okkar boði.

Hlökkum til að sjá þig.

1011



Starmer lýsir sjálfum sér sem sósíalista og hyggst hann halda mörgum stefnumálum forvera síns. MYND/EPA

Nýr leiðtogi í brúna á afar erfiðum tímum

Arsenal-aðdáandinn Keir Starmer leiðir nú stjórnarandstöðuna á Bretlandi. Hann kemur inn sem nýtt andlit á tímum þar sem litil eftirspurn er eftir flokkspólítískri baráttu þar í landi. Starmer lýsir sjálfum sér sem sósíalista.

BRETLAND Liðnar eru rúmar tvær vikur frá því að Keir Starmer tók við sem leiðtogi Verkamannaflokksins í Bretlandi. Hlaut hann 56,2 prósent atkvæða, mun fleiri atkvæði en Rebecca Long-Bailey sem fékk næst flest, eða tæp 28 prósent. Starmer tekur við af Jeremy Corbyn sem sagði af sér eftir að flokkurinn galt afhroð í þingkosningunum í desember síðastliðnum. Corbyn færði flokkinn mun lengra til vinstri, varð flokkurinn nánast óþekktjanlegur frá Verkamannaflokki Tony Blair og Gordon Brown sem stýrði Bretlandi í meira en áratug.

En hver er þessi maður sem leiðir nú stjórnarandstöðuna og gera má ráð fyrir að verði forsætisráðherraefni flokksins í næstu kosningum? Starmer er 57 ára lögfræðingur, giftur og faðir tveggja barna. Sonur hjúkrunarfræðings og smíðs, á hann ársmiða á leiki Arsenal í ensku úrvalsdeildinni. Hann hefur verið þingmaður Verkamannaflokksins frá árinu 2015. Hefur verið hlegið að því meðal flokksmanna að hann virðist vera svo gallalaus stjórnmálamaður á blaði að það mætti halda að hann væri uppskáladaður.

Fyrir helgi sagði Starmer við BBC að hann væri fyrst og fremst feginn að vera orðinn leiðtogi því hann þótti ekki að vera í samkeppni við samflokksmenn. „Ég hataði að þurfa að selja sjálfan mig til flokksmanna,“ sagði hann. „Þetta er miklu þægilegra en að vera í leiðtogaslag.“

Hann lenti upp á kant við Corbyn síðasta haust eftir að upptaka

» Eitt af fyrstu verkum Starmer var að biðja samfélag gyðinga afsökunar.

af honum rataði í fjölmiðla þar sem hann sagði marga telja að flokknum myndi ganga betur án Corbyn. Hann var skuggaráðherra Verkamannaflokksins í Brexitmálum og var ekki á sömu línu og forystan. Vildi Starmer að kosið yrði að nýju og það yrði opinber stefna flokksins í málaflökknum. Hefur hann nú sætt sig við að Brexit verði að veruleika. Eitt fyrsta sem hann gerði sem nýr leiðtogi var að biðja samfélag gyðinga afsökunar, en Corbyn var sakaður um að leyfa gyðingahatri að grassera innan flokksins. Starmer hyggst afmá þann stimpil en það mun reynast erfitt verkefni þar sem málið er viðkvæmt og snertir marga úr innsta hring flokksins.

Áður en hann sneri sér að stjórnmálum var Starmer um tíma ædsti saksóknari Bretlands, féll það meðal annars í hans hlut að biðja fórnarlömb Jimmy Savile afsökunar á að Savile sat ekki í fangelsi. Þar á undan starfaði hann sem mannréttindalögfræðingur en hann var meðal verjenda í McLibel-málinu, 10 ára löngu meidyrðamáli McDonalds gegn höfundum dreifimiða með ýmsum fullyrðingum um BigMac. Athygli vekur að hann er í raun Sir Keir Starmer, en hann var aðlaðaður árið 2014 fyrir störf sín í lögmennsku. Starmer vill ekki nota þann titil.

Starmer kemur á furðulegum tímum inn sem leiðtogi enda eru fáir að hugsa um flokkspólítíska baráttu núna þegar COVID-19 faraldurinn gengur yfir. Boris Johnson forsætisráðherra er vinsæll í skoðanakönnunum en ef fylgi hans fer að dala, hvort sem það verður vegna viðbragða vegna faraldursins eða annars, mun Starmer verða áberandi sem hans mögulegi eftirmaður í Downing-stræti.

Hann lýsir sjálfum sér sem sósíalista. Vill hann halda í mörg af stefnumálum Corbyn, til að mynda að þjóðnýta járnbrautir landsins og hækka skatta á þá sem þéna mest. Vinstristefna Corbyn hefur ekki náð miklum árangri fyrir flokkinn sem þarf að ná meirihluta atkvæða í meirihluta allra einmenningskjördæma landsins til að komast í ríkisstjórn. Má því búast við að flokkurinn undir Starmer komi til með að höfða meira inn á miðjuna en þó ekki á sama hátt og flokkurinn gerði undir stjórn Blair.

Stóra málið í Bretlandi þessa stundina, að mati Starmer, er það að opnun landsins eftir að kórónaveiran gengur yfir bitni ekki mest á þeim sem minnst mega sín. „Því lengur sem skólarnir eru lokaðir, því meira bil myndast á milli þeirra sem fá góða kennslu heima fyrir og þeirra sem eru ekki í aðstöðu til þess,“ sagði Starmer við BBC. Hann ætli sér þó ekki að stilla sér upp sem beinum andstæðingi ríkisstjórnarinnar heldur sé hans hlutverk að veita aðhald. arib@frettabladid.is

Viðmið reynslulausnar verði skoðuð

FANGELSISMÁL Alls hefur 58 fongum verið veitt reynslulausn eftir helming refsitíma þrátt fyrir að hafa afplánað refsingu fyrir alvarlegt brot frá því að ný lög um fullnustu refsinga tóku gildi í mars 2016. Af þessum hópi eru 47 erlendir ríkisborgarar en ellefu Íslendingar.

Þetta kemur fram í svari Aslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur dómsmálaráðherra við skriflegri fyrirspurn Helga Hrafn Gunnarssonar, þingmanns Pírata.

Samkvæmt ákvæði laganna þurfa mjög sérstakar persónulegar ástæður að mæla með slíkri reynslulausn.



Litla Hraun. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þar að auki þarf framkoma og hegðun viðkomandi fanga að hafa verið með ágætum.


„Hér þarf að meta hvert mál sjálf-

stætt og því erfiðleikum bundið að setja reglu eða viðmið sem gildir um alla. Undir þessa undantekningarreglu hafa þó fallið ákveðin tilvik eins og alvarleg veikindi fanga,“ segir í svari ráðherra.

Helgi Hrafn spyr ráðherra einnig hvort reglur eða viðmið megi vera skýrari og aðgengilegri. Í svari ráðherra kemur fram að mikilvægt sé að þeir sem hagsmuna hafi að gæta geti áttað sig betur á réttarstöðu og beitingu reglnanna. Því muni ráðuneytið taka þetta til skoðunar.

– sar

SUMARGJÖF SEM GEFUR!




Þess vegna sofum við
Verð: 3.999.-

LOKSINS, LOKSINS!

Metsölubók um um allan heim
sem enginn má
láta framhjá sér fara!

GLÆNÝ BÓK FYRIR KRAKKANA!

Frábær bók sem kemur öllum í
gott skap eftir David Walliams.
Hefurðu spáð í hvernig það er að eiga milljón?
Eða milljarð? Billjón? Trilljón?
Eða jafnvel aragrilljón?



Milljarðastrákurinn
Verð: 4.499.-



AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

*Gildir ekki um húsgögn

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

UMHVERFIÐ OKKAR



Íslensk ungmenni í loftslagsverkfalli mótmæla hamfarahlýnun jarðar. Þau vekja athygli á vá sem mun hafa meiri áhrif á þeirra kynslóð, en ekki þá sem tekur nú ákvarðanir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Til betri vegar

Það er skiljanlegt að mörgum fallist hendur þegar rætt er um „manngerða hamfarahlýnun jarðar“ enda viðfangsefnið risavaxið. Þá er þörf á að minnst þess sem hefur áunnist í umhverfismálum.

Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is



Mörg okkar sem eldri erum munum grafalvarlega umræðu um eyðingu ósonlagsins, ótta um mengun sjávar vegna þrávirkra lífrænna og geislavirkra efna, og fréttir af því hvernig súrt regn felldi barrskóga á norðurhveli.

Nú þegar menn bera kvíðboga vegna hamfarahlýnunar, er mikilvægt að muna að ríki heims hafa áður tekist á við margvíslegar áskoranir í umhverfismálum og tekist í sameiningu að leysa margar þeirra. Hægt miðar en þó í rétta átt.

Hægt miðar

Í þrjá áratugi hafa stjórnarereindrar og stjórnmalamenn reynt að semja um aðgerðir til að takmarka gróðurhúsalofttegundir – með litlum árangri að því er virðist. Reynt er að semja um aðgerðir þar sem afraksturinn liggur að miklu í framtíðinni, og hjá þeim sem hafa veika pólitíska rödd. Hagsmunirnir eru afar ólíkir og dreifðir. Á hinn bóginn fellur gríðarlegur kostnaður við loftslagsaðgerðir í nútímanum og á hagsmunaöfl sem hafa pólitísk völd og sterka rödd.

Níðurstæða 25. loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem við nefnum COP25, sem haldin var í Madrid á Spáni í desember 2019,

var þátttakendum og öðrum mikil vonbrigði. Afraksturinn var í litlu samræmi við þörf fyrir samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Enn eitt tækifæri til að takast á við loftslagsvána virtist hafa glatast.

Enn einn fundurinn

COP25 var haldinn í kjölfar COP24, sem var haldinn eftir COP23, sem átti rætur alla leið til COP1. Þessi röð marghliða samningaviðræðna leiddi af sér Kyoto-bókunina er hlaut hægt andlát, en einnig hinn óstöðuga Parísarsáttmála. Eftir alla fundina 25 virðist heimurinn standa á svipudum stað og þegar COP1 fundurinn var fyrst haldinn árið 1995.

En enn liggur enginn bindandi alþjóðlegur samningur fyrir um loftslagsbreytingar. Sá taktur er ófundinn.

Það er því skiljanlegt að mönnum geti fallist hendur þegar rætt er um „manngerða hamfarahlýnun jarðar“. Koltvísýringur í andrúmsloftinu er nú meiri en verið hefur í milljónir ára og vistkerfi að breytast hraðan en þau hafa áður gert í jarðsögunni. Mannfjöldi er sem aldrei fyrr og sífellt er gengið á auðlindirnar.

Raddir framtíðar

Auðvitað hefur margt áunnist. Þekking og skilningur hefur stórkæmt. Um það vitna ótal vísindathuganir og ekki síst stóraukin

umhverfisvitund almennings.

Flestir þeirra sem eldri eru ólust ekki upp við þá þekkingu sem við höfum í dag og eiga því erfitt með að átta sig á því að náttúruauðlind sé endanleg stærð.

Það hefur því verið hvetjandi síðustu misseri að fylgjast með ungmennum mótmæla manngerðri hlýnun jarðar. Málefnið er mikilvægt og raddir ungs fólks eiga að heyrast. Þar minna á vá sem mun hafa mest áhrif á þeirra kynslóð, en ekki þá sem nú tekur ákvarðanir.

Í áraradír hafa íbúar heimsborga farið út á götur og krafist aðgerða til að hægja á loftslagsbreytingum. Loftslagsgöngur hafa verið haldnar í Reykjavík allt frá árinu 2014.

Síðar tóku ungmenni að skipuleggja loftslagsverkföll víða um heim, með kröfu um að stjórnvöld lýsi yfir neyðarástandi og hrindi af stað róttækum breytingum. Sú hreyfing sem fékk andlit með mótælum Gretu Thunberg við þinghúsið í Stokkhólmi sumarið 2018, varð að alþjóðlegu frumkvæði.

Fyrri áskoranir

Alþjóðasamfélagið fór að beina sjónum sínum í einhverjum mæli að óæskilegum umhverfisáhrifum mannsins upp úr seinni heimsstyrjöld. Í kjölfarið, upp úr sjötta áratug síðustu aldar, litu dagsins ljós margvíslegir alþjóðasamningar til að bregðast við þeirri þróun. Það tók áraradír eða áratugi að virkja þá og hagsmunaöfl fundu þeim flest til foráttu. Vísindaniðurstöður voru dregnar í efa. En þessir samningar færðu umhverfismál fram á veg til betri heims. Hér verða einungis fjögur dæmi nefnd af mörgum:

Árangursrík verndun ósonlagsins

Vínarsamningnum er ætlað að vernda ósonlagið, sem er náttúrulegt gaslag í heiðhvolfinu í um 20-30 km hæð og verndar líf á jörðinni

Það er ástæða fyrir því að við heyrum nú minna af eyðingu ósonlagsins, mengun hafs með þrávirkum lífrænum efnum, súru regni barrskóga eða geislavirkri hafmengun. Þökk sé samvinnu þjóða í umhverfismálum síðustu áratugi.

gegn skadlegum útfjólubláum geislum sólar. Eftir að þynning ósonlagsins yfir Suðurskautinu uppgötvaðist árið 1985, ákváðu þjóðir heims að takmarka framleiðslu ósoneydandi efna. Það gekk að mestu eftir og nú er talið að ósonlag á norðurhveli jarðar jafni sig árið 2030, á suðurhveli jarðar um 2050, en heimskautasvæði komist í fyrri styrk árið 2060.

Undir sama samningi var að auki ákveðið 2016, að draga úr vetnisflúorkolefni allt að 85 prósent. Það er einungis lítið hlutfall gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu, en hefur þúsund sinnum meiri áhrif á hnattræna hlýnun en koltvísýringur. Áætlað er að þetta eitt geti lækkað meðalhitastig um 0,5° C árið 2100.

Minni mengun þrávirkra lífrænna efna

Annað dæmi sem sjaldan er nefnt er Stokkhólmsamningurinn frá árinu 2001 sem takmarkar framleiðslu og notkun svonefndra þrávirkra, lífrænna efna sem bindast í lífverum, safnast fyrir í umhverfi og eyðast á mjög löngum tíma. Þau efni eru í hundradatali meðal annars í skordýraeiri og öðrum varnarefnum.

Níðurstæðan er markvissari efna-notkun um heim allan. Styrkur þrávirkra efna í hafinu stendur í stað

eða fer hægt niður á við, þvert á það sem menn óttuðust.

Að varna súru regni

Hér er vert að nefna Genfarsamninginn um loftmengun sem berst langt að. Til hans var stofnað árið 1979 til að draga úr súru regni sem var að eyðileggja gróðurlendi, og aðallega skóga í barrskógabelti norðurhvels jarðar. Regnið blandaðist brennisteinssýru, saltþéturssýru og lífrænum sýrum, sem mynduðust við bruna kola og olíu. Það hafði geigvænleg áhrif á plöntur, sjávardýr og jafnvel byggingar. Barrskógar drápu og ár og vötn súrnðuð mikið.

Árangurinn er óumdeildur og verulega hefur dregið úr mengun eftir að samningurinn kom til framkvæmda.

Gegn geislavirkri hafmengun

Sumir svæðisbundnir alþjóðasamningar hafa einnig reynst afar mikilvægir. Samningi um verndun hafrymis Norðaustur-Atlantshafsins (OSPAR samningurinn) er ætlað að draga úr og koma í veg fyrir mengun. Með honum var einnig stofnað til alþjóðlegra verndarsvæða utan lögsögu ríkja. Á grunni þessa samnings var til að mynda dregið úr losun eða vörpun geislavirkra efna frá kjarnorkuendurvinnslu á Bretlandseyjum.

Á því skyldi byggja

Loftslagsáskoranin er risavaxið verkefni en ekki ástæða til órvæntingar.

Það er ástæða fyrir því að við heyrum nú minna af eyðingu ósonlagsins, mengun hafs með þrávirkum, lífrænum efnum, súru regni barrskóga eða geislavirkri hafmengun. Þökk sé samvinnu þjóða í umhverfismálum síðustu áratugi. Þar réð skynsemi og bjartsýni með sterkum vilja til breytinga. Á því skyldi byggja.

Jafnaðu þig hjá Orkunni



Kolefnisjafnaðu aksturinn strax með Orkulyklinum!



Lykil- og korthafar skrá
sig í kolefnisjöfnun
á orkan.is



7 króna afsláttur
af hverjum lítra fer
í kolefnisjöfnun



Votlendissjóðurinn
kolefnisjafnar þitt
framlag



Allar nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á orkan.is

Upphrópanir



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Það er ástæða til að hafa áhyggjur af dómgreind þeirra forystumanna verkalyðsfélaga sem telja að til greina komi að segja upp lífskjarasamningunum standi ríkisstjórnin ekki við þær skuldbindingar sem hún undirgekkst við gerð samninganna.

Af hálfu þeirra hefur komið fram að þó nú ríki faraldur um allar jarðir og tugir þúsunda manna séu á atvinnuleysisbótum hér á landi, ýmist að hluta eða öllu leyti, og atvinnulíf sé að mestu að engu orðið, verði enginn afsláttur gefinn af kröfunni um að ríkisvaldið standi við gefin loforð í tengslum við lífskjarasamninga.

Hótað er uppsögn og að látið verði sverfa til stáls verði launafólk skilið eftir eins og gerðist í hruninu, eins og það var orðað í fréttapætti um helgina.

Rúmt ár er nú síðan gengið var til samninga. Jafnvel þótt blikur væru á lofti þá, voru aðstæður allar aðrar en nú. Ríkissjóður er í þeim svifum að axla hundruð milljarða skuldbindingar til verndar afkomuöryggi fólks, ekki aðeins í ferðaþjónustu heldur nær öllum atvinnugreinum. Brúarlán og hlutabætur eru dæmi um það. Ekki er ósennilegt að úr ríkissjóði muni streyma 60 milljarðar í atvinnuleysis- og hlutabætur á þessu ári og kannski meira.

Þær bætur ganga beint til fólksins sem fyrir örfáum vikum var launamenn en hefur þurft að sæta skerðingu á starfshlutfalli eða misst vinnu sína.

Það er því í besta falli afvegaleiðandi að tala um að „skilja launafólk eftir“ við þessar aðstæður. Í samanburði við þær skuldbindingar sem ríkið tókst á hendur með lífskjarasamningum er fjárstraumurinn úr ríkissjóði fram undan í þessu skyni, risavaxinn.

Ríkissjóður er heldur ekki óþrjótandi né ótæmandi auðlind. Allir vita að fjárens er aflað með skattlagningu á fólk og fyrirtæki. Og allir ættu að sjá að nú þegar allar gáttir eru opnaðar, hefur innstreymi skatttekna ríkisins nær horfið.

Er þá heil brú í því að efna til ófriðar og átaka á vinnumarkaði?

Það er rétt að gengið var út frá tilteknum forsendum við samningsgerðina fyrir ári. Þar var gert ráð fyrir hagvexti, vaxtalækkunum og efnudum ríkisins og fyrir liggur að nokkuð er í land með að skuldbindingar ríkisins teljist efnar, til dæmis hvað varðar átak á húsnæðismarkaði. Líklega voru þetta skynsamlegir samningar þá, en nú er öldin önnur og allt er breytt.

Heilbrigðisváin mun brátt hörfa, ef fram fer sem horfir, en eftirköstin – ekki sist hin efnahagslegu – verða langvinn. Áhrifa á ríkissjóð mun lengi vegna þeirra greiðslna og ráðstafana sem þurft hefur að gripa til og misseri liða þar til allt verður samt á ný.

Allir verða fyrir búsiðjum á þessum tímum og allir munu þurfa að axla sínar byrðar. Tal um svik í þessu sambandi er sem falskur tónn og erfitt að trúa því að það sé meining í þeim hótunum að segja upp samningum og kveikja ófriðarból á vinnumarkaði.

Orð hafa ábyrgð og vinsældakeppni og kappi um upphrópanir þarf að slá á frest.



Er þá heil brú í því að efna til ófriðar og átaka á vinnumarkaði?

Halldór



Frá degi til dags

Ástir á tímum kórónaveirunnar

Það kom ögn á óvart að lesa í Sóttvarnafréttum að tilvikum kynsjúkdóma hefði sist fækkað að undanfögnu. Reyndar væru tilvik algengra sjúkdóma af þessu tagi tíðari en um svipað leyti í fyrra, en þá var ekki í gildi samkomubann og enginn hafði heyrt um tveggja metra regluna. Þetta getur skýrst af tvennu. Annað hvort virðir ástleitid fólk ekki tilmæli sóttvarnaryfirvalda um tvo metra á milli manna, eða fundist hafa nýjar leiðir fyrir fólk í samskiptum af þessum toga.

Rannsóknarefni

Hver sem er skýringin er þetta rannsóknarefni. Það mætti í leiðinni rannsaka áhrif biðraða. Alls staðar stendur fólk í röð, ekki hefðbundinni röð, heldur í strjalli röð með um það bil tveggja metra bili milli manna. Nú ganga menn ekki lengur einbeittir inn í verslun eða þjónustufyrirtæki og sinna sínum erindum. Nú standa menn í röð úti á bílplani eða tugametra langri röð við afgreiðslukassa stundarfjórðungum saman. Hver veit nema við þær aðstæður stofnist til kynna við næsta mann sem leitt geta til náinna samskipta. Í samkomubanni eru tækifæri fyrir einhleypa til að kynnast mun færri en annars og biðraðir því kannski kjörinn vettvangur á meðan á banninu stendur.

Til mikils að vinna



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Atvinnuleysi hefur rokið upp síðustu vikur og tugir þúsunda eru án atvinnu eða á hlutabótum. Í apríl er reiknað með 17 prósentu atvinnuleysi, sem er það mesta sem hefur mælst á Íslandi. Þótt bein áhrif faraldursins vegna sóttkvíar og ferða- og samkomubanns séu tímabundin, mun áhrifa gæta mun lengur og snerta flestar atvinnugreinar. Nýjustu sviðsmyndir benda til hrikalegs samdráttar í ferðaþjónustu, einni fjölmennustu atvinnugrein á Íslandi. Áfallið mun því koma flestum heimilum illa með einum eða öðrum hætti. Í versta falli missir fólk atvinnu sína með tilheyrandi tekjufalli og öðryggi. Fólk sem naut síður góðs undangenginna ára er berskjaldað gagnvart þessari krísi. Þar má nefna láglaunafólk, innflytjendur og námsmenn.

Brýnasta verkefni stjórnvalda er að styðja þetta fólk. Líkt og aðgerðir heilbrigðisyfirvalda hafa miðað að því að verja þau viðkvæmstu fyrir veirunni, verða efnahagsaðgerðir stjórnvalda líka að fela í sér vernd viðkvæmstu hópanna. Því mun Samfylkingin leggja fram þingsályktun sem felur í sér að grunnatvinnuleysisbætur hækki strax í takt við launapróun, tímabundið afnám skerðinga og hækkun á hámarki tekjutengdra atvinnuleysisbóta. Í tillögunni er einnig gert ráð fyrir að námsmönnum verði tryggður réttur til atvinnuleysisbóta yfir sumartímum.

Samhlíða þessu þarf að hækka örorku- og ellilífeyri til samræmis við lífskjarasamninga Samfylkingin hefur lagt fram slíkt frumvarp á Alþingi. Þetta eru allt nauðsynleg skref til að styðja við tekjulægstu hópa samfélagsins og þau sem missa vinnuna en ekki siðir til að verja heimili landsins og koma í veg fyrir að ójöfnuður og fátækt aukist frekar í kjölfar faraldursins. Samfylkingin leggur ríka áherslu á að tryggja velferð og öryggi fjölskyldna og heimila á þessum erfiðu tímum. Ekki má vanmeta þörfina á viðtækari aðgerðum í þágu fyrirtækja en það breytir ekki því að fyrst og fremst snýst ákallið nú um kraftmeiri aðgerðir fyrir fólkið. Við í Samfylkingunni munum ekki hika við að leggja fram fleiri slíkar tillögur og höldum áfram að þrýsta á ríkisstjórnina að gera hið sama.



Brýnasta verkefni stjórnvalda er að styðja þetta fólk.

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MED TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

TUDOR

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Heppin við

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Ég veit að það er auðvitað ekki skynsamlegt að fagna of snemma — hvað þá faðma of snemma, sem getur raunar almennt séð verið mjög neyðarlegt í öllum kringumstæðum — og enn er fyrir hendi sá möguleiki að allt fari hér norður og niður. Maður skyldi aldrei gera lítið úr því í lífinu að hlutir geti farið á versta veg, en þó finnst mér óhætt, með öllum mögulegum fyrirvörum að vera örliðið, smá, þínkuponsu, glaður yfir því hvernig hingað til hefur tekist að glíma við kórónaveiruna hér á landi. Ekki bara höfum við sóttvarnarlækni sem spilar á gítar, sem er alltaf kostur, heldur hefur þessu samfélagi tekist að feta vandratað einstigi frá degi til dags með vísindi, rök og hyggjuvit að leiðarljósi sem nú hefur skilað okkur á þann stað að við sjáum glitta í takmarkið, að minnsta kosti að sinni. Smitum fækkar. Skólar hefjast að mestu aftur bráðum. Engin faðmlög strax. Gæta varúðar. Þvo sér um hendur. En maður má sem sagt fara að huga að því að hitta fólk í einhverjum smáskömmtum og með öllum varúðarráðstöfunum einhvern tímann bráðum með vorinu. Það er ágætt.

Smá píringur

Þetta er ekki auðvelt. Margt sem maður ætlaði að gera skemmtilegt verður ekki gert. Maður syrgir plön sín. Fyrirtæki eru í köku. Allt er uppi loft, en það er sama. Þetta gengur vel, sem er ótrúlegt. Enn hefur ekki orðið hér meiriháttar ófriður um aðferðir og leiðir. Samsæriskeningasmíðir hafa ekki náð flugi. Beturvitringar hafa ekki náð vopnum sínum. Stjórnmalafólk hefur að mestu náð að halda ró sinni, þótt minniháttar skærur hafi orðið á Alþingi í síðustu viku. Oft er þingið



eins og þjóðin og endurspeglar líðan hennar. Það er edlilegt eftir margra vikna félagslegar hömlur og upplausn í öllum áætlunum, að það sjóði smá uppúr. Við hjónin áttum til dæmis fánlegt rifrildi á fimmtudaginn í bílnum fyrir utan verslunina Þ. Þorgrímsson í Ármúla af öllum stöðum. Suddaveður. Grár hversdagsleiki. Félagsleg einangrun tekur toll. Losa þurfti. En svo varð allt gott. Ég er viss um það er líka þannig með þá Steingrím J. og Helga Hrafn. Þeir þurfa að rifast smá. Svo verður allt fint og þeir halda áfram að elska hvor annan.

Þannig að: Við megum prisa okkur sæl. Við erum að gera þetta vel. Þetta er allt á réttri leið, og þótt verkefnið sé gríðarlegt og áhrifin verði gríðarleg, að þá er margt sem bendir til að þessu samfélagi takist að komast í gegnum þetta brjálæði þannig að við getum verið stolt af.

Annar veruleiki

Ástæðan fyrir því að mér finnst mikilvægt að færa það til bókar, að mögulega séum við sem samfélag nokkuð heppin, er ekki sist sú að með vissri hugarleikfimi er í leiðinni hægt að komast að nokkuð áreiðanlegri niðurstöðu um það hvað maður myndi, til samanturðar, alls ekki vilja að væri núna að gerast hér á landi. Dæmin í kringum okkur, frá öðrum löndum sem virðast ekki vera jafn samfélagslega heppin, geta fært okkur mikinn lærdóm og hjálpað okkur að skilgreina hvað við viljum ekki að gerist hér, hvorki núna né í framtíðinni.

Áleitin spurning hvað þetta varðar er þessi: Hvernig myndi okkur líða hér, ef við værum að glíma við það sama og Bandaríkjamenn eru að glíma við um þessar mundir? Hvað ef við hefðum svona náunga eins og Donald Trump standandi



En maður má sem sagt fara að huga að því að hitta fólk í einhverjum smáskömmtum og með öllum varúðarráðstöfunum einhvern tímann bráðum með vorinu.

í stafni hér? Hvernig væri sálarástand okkar sem þjóðar?

Ef einhver svona gaur væri forsætisráðherra. Spáum í það. Ef sá gaur liti svo á að hann ætti að stjórna upplýsingafundunum okkar klukkan tvö og að Þórólfur, Alma og Víðir ættu að standa til hliðar, á bak við hann og þegja. Að hann notaði fundina til þess að rifast við

blaðamenn. Til að auglýsa sjálfan sig með áróðursmyndböndum. Til að gera lítið úr vísindum. Til að kenna Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni um ófarir eigin þjóðar. Til að kenna Kínverjum um og blása til ófriðar milli ríkja. Hvernig liði okkur ef stuðningsmenn þessa gaur myndu blása til mótmæla gegn samkomubanni með hrópum og köllum, og að þessi gaur í sínum Twitterfærslum myndi styðja þau mótmæli og hvetja til þeirra?

Hvernig liði okkur ef einhvers konar Bolsonaro væri leiðtogi hér, sem myndi nota hvert tækifæri til að gera lítið úr veirunni og segja hana bara kvef, þrátt fyrir dauðsföll í massavís?

Líklega væri allt klikkað. Og sem sagt: Kannski gleðst maður yfir litlu þessa dagana, en mér finnst ástæða til að gleðjast yfir þessu. Hér er ekki allt klikkað. Munum þá tilfinningu.

Boost í skál ... Svooo gott!



Allt fyrir boost skálina!
Uppskrift á kronan.is

KRONAN



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Eitt ár í viðbót hjá Buffon

Gigi Buffon ku hafa framlengt samning sinn við Juventus. Þessi 42 ára markvörður hefur unnið allt sem hægt er að vinna, nema Meistaradeildina.

FÓTBOLTI Það hefur verið lítið af göðum fréttum frá ítalska boltanum að undanförunu. Landið hefur farið illa út úr COVID-19 og ekki er að sjá að deildin fari af stað í bráð. En samkvæmt ítölskum miðlum hefur Gigi Buffon ákveðið að framlengja feril sinn um eitt ár hið minnsta og samþykkt framlengingu á samningi sínum við Juventus. Buffon hefur alls staðið í rammanum ellefu sinnum á þessu tímabili með Juventus en hann snéri aftur heim til Tórinó síðasta sumar eftir ársdvöl hjá PSG. Buffon hefur alltaf vantað að vinna Meistaradeildina en hann hefur unnið allt annað. Hann gerir sér eflaust vonir um að vinna þá deild á næsta ári til að nánast fullkomna ferilinn. Hann verður 43 ára þegar samningurinn rennur út.

Buffon byrjaði hjá Parma og spilaði sinn fyrsta leik 19. nóvember árið 1995 í 0-0 jafntefli gegn AC Milan. Hann var 17 ára og það er alveg hægt að segja að hann hafi slegið í gegn í þessum fyrsta leik því hann varði eftirminnilega frá bæði George Weah og Roberto Baggio. Tveimur árum síðar varði hann vítaspyrnu frá Ronaldo sem þá var í Inter og 1999 vann Parma UEFA bikarinn. Sama ár varð liðið bikarmeistari. Í góðri grein á fótbolta.net, Ostur og fótbolti: Ris og fall Parma: 1990 - 2003, kemur fram að þetta hafi verið besta tímabil Parma. Liðið hafði aðeins verið níu ár í deild þeirra bestu en árangurinn var byggður á sandi og félagið þurfti að selja alla sína bestu leikmenn til að eiga fyrir skuldum. Meðal annars Buffon til Juventus árið 2001.

Þar sýndi hann og sannaði að hann var einn besti, ef ekki sá besti, í rammanum. Juventus vann Seríu A og komst í úrslitaleikinn gegn AC Milan í Meistaradeildinni árið 2003. Þar varði hann tvær spyrnur en Juventus tapaði engu að síður. Þegar félagið var svo dæmt niður um deild ákvað Buffon að vera áfram. Juventus þakkaði honum fyrir árið 2006 með því að birta heilsíðu auglýsingu í þremur stærstu íþróttablöðum landsins. Árið 2011 tók Antonio Conte við liðinu og gerði það aftur að stórveldi. Félagið vann þrjá titla í röð, einu sinni án þess að tapa leik og sá þriðji kom með flest stig í sögu Seríu A, 102 hvorki fleiri né færri. Þegar Massimo Allegri kom á hliðarlínu Juventus fór liðið í úrslit Meistaradeildarinnar árið 2015 en tapaði fyrir Barcelona. Buffon varði stórkostlega frá Dani Alves í leiknum.

Buffon var þó ekkert að hægja á sér og árið 2016, þegar hann var 38 ára, bætti hann 22 ára gamalt met með því að halda marki Juventus hreinu í 974 mínútur í deildinni. Ári síðar fór liðið enn á ný í úrslitaleikinn í Meistaradeildinni og tapaði nú fyrir Real Madrid. Buffon hefur sem sagt þrisvar sinnum farið í úrslitaleikinn en ekki enn lyft bikarinn með stóru eyrun. Hann deilir meti ásamt Paolo Montero sem fór einnig þrisvar í úrslitaleikinn.

Það hafa fjölmargir leikmenn byrjað og hætt eftir að Buffon byrjaði að spila árið 1995. Petr Cech er einn af þeim. Þegar Cech spilaði sinn fyrsta leik fyrir Chmel Blsany

í Tékklandi árið 1999 var Buffon búinn að spila um 100 leiki í Seríu A. Buffon hafði mikið dálæti á Cech sem markverði. Sagði eitt sinn að Pepe Reina væri besti markvörðurinn með fótunum, Manuel Neuer væri bestur í loftinu, Iker Casillas væri bestur með höndunum en Cech væri engu að síður bestur.

Íþróttir eru Buffon í blóð bornar. María móðir hans átti landsmetið í kringlukasti í 17 ár og faðir hans var unglíngameistari í spjótkesti og lyfti lóðum sem óður maður. Systur hans spiluðu blak og varð Guendalina Evrópumeistari fyrir Matera blakliðið. Báðar spiluðu landsleiki fyrir Ítalíu. Þá var Lorenzo Buffon, fyrrum markvörður AC Milan og Ítalíu, frændi hans. Hann fór þó ekki strax í markið. Hann var á miðjunni í unglíngaliði Parma en færði í sig markið eftir að hafa fengið dálæti á Thomas N'Kono sem spilaði með Espanyol. Sonur hans heitir einmitt Louis Thomas eftir kappanum. Hann á annan son sem heitir David Lee sem eins og flestir vita var söngvari Van Halen. Buffon var giftur hinni tékknesku Alenu Seređova en þau skildu árið 2014. Í dag er hann í sambandi við Ílara D'Amico sem vinnur í ítalska sjónvarpinu. Þau eiga Leópold Matthia saman.

Buffon grínadist einu sinni með að hann myndi spila þangað til hann væri orðinn sextugur. Hann hefur spilað með ógrynni leikmanna og er nú svo komið að hann er farinn að spila við börn fyrrum félaga sinna. Þannig stökk hann til í febrúar, skömmu fyrir lokun landsins, í bikarleik gegn AC Milan og hljóp til Daniel Maldini, sem eins og nafnið bendir til er sonur Paulo Maldini. „Ég bætti þessari við safnið mitt. Ég á treyjur frá Chiesa feðgunum, Thuram feðgunum, Weah feðgunum og núna Maldini feðgunum.“

Buffon varð heimsmeistari árið 2006 þó sætið hans fyrir þá keppni hafi verið sjóðheitt enda var Calciopoli skandallinn þá í gangi. Buffon var meira að segja sakaður um að veðja ólöglega á leiki. Hann var hreinsaður af öllum grun í desember 2006. Á HM 2006 fékk hann á sig tvö mörk. Sjálfsmark og úr vítaspyrnu. Hann varði oft ótrúlega í keppninni, meðal annars gegn Lukas Podolski og Zinedine Zidane í úrslitaleiknum. Hann byrjaði að spila með Ítalíu 1997 og lék alls 176 landsleiki. Hann spilaði á fimm HM og er einn af þremur leikmönnum sem hafa gert það. Hinir eru Antonio Carbajal og Lothar Matthaus.

Buffon hefur alltaf verið mikill mannvinnur og er þekktur fyrir göðverk sín utan vallar. Hann er einn af talsmönnum Respect Diversity hjá UEFA og í október 2019 var hann útnefndur sendiherra hjá Sameinuðu þjóðunum. Í COVID-19 faraldrinum sem hefur leikið fótboltaheiminn grátt sem og heiminn allan er gott að fá að geta séð Buffon eitt ár til viðbótar. „Ástæðan fyrir því að ég held áfram að spila er sú að ég get gefið mér sjálfum, liðsfélögunum og félaginu margar fallegar minningar, sem er þess virði að lifa fyrir,“ sagði kappinn fyrir skömmu. benediktboas@frettabladid.is



HETJA HELGARINNAR

Þegar við hittumst spjöllum við lengi saman. Það er vinátta sem varð til á löngum tíma. Hann hjálpaði mörgum ungum markmönnum, þar á meðal mér.

Iker Casillas

Gianluigi Buffon

Er fæddur 28. janúar 1978 í Carrara í Toskana. Öll hans fjölskylda var í íþróttum og sé frænd- og frænkugarðurinn skoðaður má finna ansi marga landsliðsmenn í hinum ýmsu íþróttum. Hann var einu sinni forseti Carrarese liðsins frá fæðingargönginni. Liðið spilar í C-deildinni á Ítalíu. Buffon hefur unnið 21 bikar á ferlinum, þar af Seríu A átta sinnum. Hann spilaði fimm sinnum á HM og fjórum sinnum á EM.

» Buffon spilaði sinn 1000. keppnisleik þegar hann stóð á milli stanganna í marki Ítala gegn Albaníu árið 2017. Hann bætti síðan leikjamat Paolo Maldini í Seríu A í desember síðastliðnum.

LEO

MÁNUDAGUR 20. APRÍL 2020

Lífsstíll



Hallfríður Þóra við glæstan gosbrunn hjá Lincoln Center. Hún saknar New York og segir átakanlegt að fylgjast með úr fjarlægð. MYND/KÁRI BJÖRN ÞORLEIFSSON

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir



Kórónaveiran styttir fjarbúð milli heimsálfa

Hugmyndauðgi og háleitir draumar fylgja Hallfríði Þóru Tryggvadóttur sem tók nýlega við stjórnunarstöðu hjá menningarstofnuninni Lincoln Center í New York. Hún stýrir nú verkefnum heiman frá Reykjavík vegna COVID-19. ➔

Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég myndi kannski ekki taka svo sterkt til orða, en ég trúi á að setja sér markmið og að vinna öll verkefni vel því allt sem við gerum í dag hefur áhrif á framtíðina,” segir sviðslistakonan og framleiðandinn Hallfríður Þóra Tryggvadóttir, innt eftir því hvort hún sé fædd undir heillastjörnu því margir drauma hennar hafa ræst.

„Frá því ég man eftir mér hefur mér fundist gaman að hrinda hugmyndum í framkvæmd. Listabakterían hefur líka lodað við mig frá því ég var lítil. Ég sannfærði meðal annars skólastjórnann í Hvassaleitisskóla um að koma á leiklist sem aukafagi og hann tók vel í það. Það sýnir að þótt maður sé ungur getur maður komið ýmsu til leiðar,” segir Hallfríður Þóra.

Í byrjun árs tók hún við stjórnunarstöðu á sviði markaðsmála hjá menningarstofnuninni Lincoln Center í New York en þar hefur hún unnið síðan haustið 2018.

„Lincoln Center er heimili New York-filharmoníunnar, Metropolitan-óperunnar, New York-ballettsins, Juilliard skólans og fleiri listastofnana. Starf mitt felst í að markaðssetja listamenn sem koma fram á hinum ýmsu listviðburðum sem Lincoln Center heldur. Starfið er mjög fjölbreytt og á sama deginum er ég kannski að vinna við nútímadanssýningu, tónlistarhátíð með sinfónihljóm-sveitum og einleikurum, japanska brúðuleikssýningu og tónleika með Broadway-stjörnu. Það er aldrei dauð stund og ég er alltaf að læra eitthvað nýtt. Núna er allt lokað í New York og það er skritið að fara ekki í vinnuna heldur sitja heima á Íslandi og upplifa hvað er að gerast í borginni í gegnum samstarfsfólk og vini. Það er líka erfitt að segja til um hvenær hægt verður að fara aftur í leikhús og á tónleika.”

Lærði af þeim bestu í NY

Hallfríður er 29 ára Reykvíkingur. Hún lauk bókmenntafræði með lögfræði sem aukagrein frá Háskóla Íslands. Hún lék á menntaskólaárunum stórt hlutverk í kvikmyndinni Sumarlandið í leikstjórn Gríms Hákonarsonar.

„Sú reynsla gaf mér smjörþefinn af kvikmyndabransanum og árið eftir sótti ég leiklistartíma í New York til að átta mig á hvort mig langaði að verða leikkona eða vinna á bak við tjöldin. Ég hafði á framhaldsskólaárunum fundið að ég vildi ekki aðeins skapa eigin list heldur lyfta öðrum upp og beina sviðsljósinu að þeim. Ég vildi framleiða, leikstýra og stjórna listviðburðum og var alltaf að skipuleggja eitthvað,” segir Hallfríður sem var um tíma markaðsstjóri í Tjarnarbiói, stýrði viðburðum fyrir kvikmyndahátíðina RIFF og framleiddi fjölmargar leik- og danssýningar, ásamt alþjóðlegri sviðslistahátíð.

„Svo flutti ég til New York árið 2016 þegar ég komst inn í meistaranám í leikhússtjórnun og framleiðslu við Columbia-háskólann. Þetta er mjög fjölbreytt nám og tímarnir fóru ekki einungis fram í skólanum heldur um alla borg, bæði á Broadway og í öðrum leikhúsum. Ég sótti til dæmis tíma hjá forstjóra Disney Theatrical sem sér um allar Broadway-sýningar Disney, fékk að sjá Frozen-söngleikinn verða að veruleika, og lærði listrænu hliðina sem og viðskiptahlíðina á leikhúsrekstri af listrænum stjórnendum og framleiðendum í borginni,” útskýrir Hallfríður sem hafði árum saman haft augastað á náminu.



Eitt af því sem Hallfríður gerir alltaf á Íslandi er að fara í pönnsur til ömmu sinnar á Flúðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég gat ekki ímyndað mér að þetta yrði að veruleika en ég ákvað að sækja um. Samhliða skólanum vann ég með ýmsum leikfélögum og byrjaði hjá Lincoln Center með fram lokaritgerðinni. Það var ótrúlega gaman en algjört púl þar sem ég eyddi öllum kvöldum á bókasafninu að skrifa.”

Sírenuvæl á fjarfundum

Starf Hallfríðar hjá Lincoln Center er annasamt. Í kjölfar kórónaveirunnar var allri sumardagskrá aflýst og starfið fært yfir á netið.

„Á svipstundu bjuggum við til Lincoln Center at Home og settum upptökur af tónleikum og sýningum á netið og réðum listamenn til þess að halda tónleika heima hjá sér. Við erum með listkennslu fyrir börn á virkum dögum og bætum við nýjum sýningum daglega,” segir Hallfríður sem hefur undanfarinn mánuð unnið frá Íslandi.

„Ég kom heim 19. mars, sama dag og allir sem komu til landsins urðu að fara í sóttkví. Þá var alvara farin að færast yfir New York og buið að loka skrifstofunni

minni. Ég vissi að ekkert yrði af vordagskránni okkar en vegna ferðabanns ríkti óvissa um hvenær ég kæmist út aftur. Það var nokkuð stór ákvörðun að fljúga heim því enginn vissi hver þróunin yrði, en ég er ótrúlega fegin að hafa tekið af skarið. Ég pantaði flugið kvöldið fyrir flugtak og pakkaði án þess að vita hve lengi ég yrði í burtu. Það var mjög skritin tilfinning. Það er átakanlegt að heyra fréttir frá borginni, heyra af fólkum sem hefur veikst og á fjarfundum heyrir ég oft sírenuvæl í bakgrunni,” segir Hallfríður.

Með mörg járn í eldinum

Vinnan er áhugamál Hallfríðar, númer eitt, tvö og þrjú.

„Ég dyrka vinnuna mína og vinn stundum of mikið en reyni líka að taka frá tíma til að hlaða batteríin. Það er mjög mikilvægt,” segir Hallfríður sem er með mörg járn í eldinum.

Hún tók nýlega við starfi listræns stjórnanda hjá Scandinavian American Theater Company.

„Skandinavíska leikfélagið hefur sett upp norrænar leiksýningar í

New York í tíu ár. Síðustu ár hefur mig langað að læra meira um leikhúslistamenn á Norðurlöndunum og hafði verið að skoða þann möguleika að stofna hátíð til að kynna norræna leiklist en svo kom þetta óvænta tækifæri,” segir Hallfríður.

Pakklát því hversdagslega

Hallfríður býr í Upper West Side-hverfinu á Manhattan, rétt við almenningsgarðinn Central Park.

„Flestir laugardagar byrja á göngu í Central Park. Það er gott að komast í burtu frá allri steypunni og anda að sér órlítið ferskara lofti. Ég labba líka oftast heim úr vinnunni, sem tekur tæpan hálf-tíma, og hringi heim í fólkíð mitt. Það eru mikil lífsgeði að búa svona nálægt vinnunni en ekki alveg ofan í miðbænum,” segir Hallfríður.

„Fyrst þegar maður kemur til New York getur maður líðið eins og maður sé í biómynd, því borgin er svo áberandi í sjónvarpi og kvikmyndum, en það er allt öðruvísi að búa þar. Þá verður borgin vinalegra og hversdagslegri en við fyrstu kynni getur hún verið ansi hröð

“Ég er ótrúlega fegin að hafa tekið af skarið. Ég pantaði flugið kvöldið fyrir flugtak og pakkaði án þess að vita hve lengi ég yrði í burtu. Það var mjög skritin tilfinning.

og jafnvel yfirþyrmandi. Þessa dagana sakna ég þess að labba í vinnuna, fara á leiksýningar og taka neðanjarðarlest í klukkutíma til að hitta vini. Maður þakkar fyrir allt þetta hversdagslega,” segir Hallfríður sem unnið er líka vel heima á Íslandi.

„Það er alltaf góð tilfinning að heyra „velkomin heim” frá flugfreyjunum þegar maður lendir og það er eins og maður nái að anda betur um leið og maður kemur í íslenska loftið.”

Par á sömu bylgjulengd

Kærasti Hallfríðar er Tryggvi Aðalbjörnsson, fréttamaður. Hann fór í meistaranám í blaðamennsku í Columbia á sama tíma og þau hafa buið saman vestra en undanfarna mánuði hefur Tryggvi starfað á Íslandi fyrir fréttaskýringabáttinn Kveik sem sýndur er á RÚV.

„Það hefur gengið ágætlega að vera í sitthvorri heimsálfunni en þetta er auðvitað ekki draumastaðan. Fjarbúðin stýttist allavega núna út af kórónaveirunni. Það er kannski það eina jákvæða við þetta ástand. Við erum rosamikil á sömu bylgjulengd og styðjum hvort annað í að gera það sem við brennum fyrir. Okkur líður vel í New York en auðvitað togar Ísland alltaf. Maður veit ekkert hvað gerist á morgun, hvað þá eftir tíu ár og sú hugsun á sérstaklega vel við núna,” segir Hallfríður og veit upp á tíu hvernig hún myndi eyða fullkomnum frídegi í New York.

„Ætli dagurinn myndi ekki byrja á göðum bröns, síðan væri gengið niður Central Park á svona tveimur tímum og farið á þakbar með göðu útsýni. Um kvöldið væri farið á leiksýningu eða í óperuna eftir kvöldmat á grænmetisstaðnum Nix sem er í uppáhaldi,” segir Hallfríður.

Hún sækist eftir því að komast reglulega út úr borgarysnum.

„Mér finnst fátt skemmtilegra en að ferðast um Ísland og það er alltaf ákveðinn hápunktur að fara í pönnskúkur til ömmu á Flúðum en hún er á 94. ári og er mikil fyrirmynd.”

Sjálfr grínast Halla með að sækja sinn kraft í kaffi.

„Ég er yfirleitt frekar orkumikil en veit ekkert af hverju. Ég drekk mjög mikið kaffi og til skiptis espresso og cappuccino og svo má ekki gleyma að fá sér súkkulaði. Það er gott bensín,” segir Hallfríður.

Framtíðardraumurinn er að leiða leikhús og menningarstofnanir ásamt því að skapa eigin verkefni.

„Ég leikstýrði og skrifaði stuttmyndina Ég, ásamt Völu Ómarsdóttur og sú mynd hefur ferðast um heiminn síðasta rúma árið og verið þýdd á þrettán tungumál. Mér finnst ekkert skemmtilegra en að vinna með fólk, skapa listaverk, halda hátíðir og framleiða viðburði því þá þurfa svo margir að koma að því, rétt eins og í stóru þúsulipi þar sem myndin verður ekki fullgerð án allra þúsulanna,” segir Hallfríður.

„Mig langar að taka þátt í alþjóðlegu samtali listamanna óháð því hvar ég bý hverju sinni. Það er það sem mig langar að gera þegar ég verð orðin stór.”

Fasteignablaðið

16. TBL. MÁNUDAGUR 20. APRÍL 2020

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS



LANDMARK FASTEIGNAMIDLUN



Andri Sigurðsson Lögg. fast. og eigandi | Sigurður Samúelsson Lögg. fast. og eigandi | Sveinn Eylund Lögg. fast. og eigandi | Þórey Ólafsdóttir Lögg. fast. og eigandi | Julius Jóhannsson Lögg. fast. og eigandi | Monika Hjalmtýsdóttir Lögg. fast. og eigandi | Þórarinn Thorarensen Lögg. fast. og eigandi | Ingibjörg A. Jónsdóttir Löggiltur fast. | Eggert Mariusson Löggiltur fast. | Jón Óskar Löggiltur fast. | Guðrún D. Lúvicksdóttir Löggiltur fast. | Helga Snorraddóttir Skrifstofa/skjalavinnsla | Ása Þáll Ragnarsdóttir Skjalavinnsla/móttaka

Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is

Íbúð með fallegu útsýni

Fold fasteignasala, s. 5521400 kynnrir góða 2ja herbergja íbúð á 8. hæð með frábæru útsýni í vönduðu lyftuhúsi að Gullsmára 7 í Kópavogi.

Eignin skiptist í anddyri, svefnherbergi, eldhús, baðherbergi og yfirbyggðar svalir.

Nánari lýsing: Anddyri með fataskáp. Stofa með eikarparketi og góðu útsýni. Rúmgóðar yfirbyggðar suðvestursvalir með frábæru útsýni. Eldhús með fallegri innréttingu, Siemens eldavel, búr er inn af eldhúsi.

Svefnherbergi með fataskáp, eikarparketi á gólfum. Baðherbergi með sturtuklefa og tengt fyrir þvottavel, dúkur á gólfi. Sérgeymsla fylgir í sameign hússins. Innangengt er frá húsinu í þjónustuaðstöðu eldri borgara með matsal, samkomusal og ýmiss konar þjónustu. Einnig er samkomusalur á efstu hæð hússins fyrir íbúa til notkunar.

Fold fasteignasala, Sóltúni 20, 105 Reykjavík. fold@fold.is Sími



Tveggja herbergja íbúð er til sölu í Gullsmára, stutt frá Smáralind, með fallegu útsýni.

552 1400 / utan skrifstofutíma: Viðar 694-1401, Einar 893-9132 Gústaf 895-72. Vinsamlegast bókið einkaskoðun: Eignin er sýnd samdægurs.



Svalirnar eru yfirbyggðar.



Ingólfur Geir Cissurason Framkvæmdastjóri, Lögg. fasteignasali og leigumíðlari 896 5222 | Heiðar Friðjónsson Sölustjóri, Löggiltur fasteignasali B.Sc 693 3356 | Snorri Snorrason Löggiltur Fasteignasali 895 2115



Ólfar F. Jóhannsson hdl. Lögræðingur, Löggiltur Fasteignasali, Skjalagerð. 692 6906 | Margrét Sigurgeirsdóttir Skrifstofustjóri margret@valholl.is 588 4477 | Pétur Steinar Jóhannsson Aðstoðarm. Fasteignasala Snæfellsnesi 893 4718

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is



Anna F. Gunnarsdóttir Löggiltur Fasteignasali Lista og innanhúsi Stílísti 892 8778 | Sturla Pétursson Löggiltur Fasteignasali. 899 9083 | Rakel Arnadóttir Lögg. fasteignasali. Mannfræðingur/alþjóðatengill. 895 8497

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði



Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Fasteignasala Mosfellsbæjar



EINAR PÁLL KJÆRNESTED LÖGG. FASTEIGNASALI



Svanhór Einarsson Lögg. Fasteignasali • S: 698-8555

Mjóahlíð 16 - 105 Rvk.



Hringdu og bókaðu skoðun

Björt og skemmtileg 68,3 m², 2ja herbergja íbúð á annari hæð. Svalir í suður. Eignin skiptist í stofu, svefnherbergi, eldhús, hol og baðherbergi. Sameiginlegt þvottahús er í kjallra. Sérgeymsla með glugga er í húsi í bakgarði. V. 35,5 m.

Grundarstígur 11 - 101 Rvk.



Hringdu og bókaðu skoðun

59, 2m tveggja herbergja íbúð á jarðhæð. Eignin skiptist í stofu, eldhús, svefnherbergi, baðherbergi og geymslu. V. 29,9 m.

Reynihvammur 1 - 220 Hafj.



Hringdu og bókaðu skoðun

93,7 m² þriggja herbergja íbúð með sér inngangi á efri hæð í fjórbylshúsi. Eignin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslu innan íbúðar. V. 46,9 m.

Ásland 18 - 270 Mosfellsbær



Hringdu og bókaðu skoðun

Fallegt 327,8 m² einbýlishús á pöllum með tvöföldum bílskúr. Mikil útsýni er frá húsinu. Stórt hellulagt bílabilan. Tvennar svalir og stór timburvernd með heitum potti. Stórar stofur og rúmgóð svefnherbergi. Eignin var mikið endurnýjuð árið 2017. V. 113 m.

Vogatunga 81 - 270 Mosfellsbær




Laust strax



Hringdu og bókaðu skoðun

Nýtt 226,9 m² raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. Á jarðhæð er forstofa, bílskúr, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi, og geymsla. Á efri hæðinni er hjónaherbergi með fataherbergi, baðherbergi, eldhús, stofa, borðstofa og sjónvarpsstofa(hægt að breyta í svefnherbergi). Mjög stórar svalir með fallegu útsýni. Húsið afhendist fullbúið að innan með grófjafnaðri lóð. V. 79,9 m.

Ásakór 3 - 203 Kópavogur



Hringdu og bókaðu skoðun



Hringdu og bókaðu skoðun

Mjög falleg 102,3 m², 3ja herbergja með glæsilegu útsýni á 2. hæð í lyftuhúsi. Gott skipulag. Fallegar innréttingar og gólfefni. Granít í eldhúsi. Rúmgóð svefnherbergi og stofurými. Nýlegt harðparket er á gólfum. Rúllugardínur eru í gluggum. Kubbajós eru í loftum. Skóli, leikskólar, verslanir, sundlaug og Íþróttamiðstöðin Kóring í næsta nágrenni. V. 47,9 m.

Pverholt 29 - 270 Mosfellsbær



Hringdu og bókaðu skoðun



Hringdu og bókaðu skoðun

Ný og glæsileg 109,8 m², 3ja herbergja endaíbúð á efstu hæð í 4ra hæða lyftuhúsi, ásamt TVEIMUR bílastæðum í bílageymslu. Glæsilegt útsýni. Fallegar innréttingar og gólfefni. Frábær staðsetning, miðsvæðis í Mosfellsbæ. V. 64,9 m.

Snaefriðargata 26 - 270 Mosfellsbær



Laust strax Hringdu og bókaðu skoðun

Fallegt 152,2 m² einbýlishús á einni hæð í byggingu með bílskúr. Húsið afhendist fókelt á byggingarstigi 4, auk þess sem búið er að einangra þak og ganga frá rakasperru. Inntök eru komin inn og tengd. Lóð er komin í rétta hæð og tilbúin undir þök og búið að jarðvegsskipta í bílabilan. V. 59,9 m.

Klapparhlíð 9 - 270 Mosfellsbær



Hringdu og bókaðu skoðun

Falleg og björt 101 m², 4ra herbergja endaíbúð með sérinngangi af stigapalli á 2 hæð. Suðvestursvalir með fallegu útsýni. Frábær staðsetning. Stutt í skóla, leikskóla, sund og líkamsræktarstöð. V. 47,9 m.

Langamýri 16 - 210 Garðabær



Laust strax Hringdu og bókaðu skoðun


Fallegt 308 m² endaraðhús á þremur hæðum og tvöföldum bílskúr. Möguleiki á aukaíbúð. Eignin er nýmálúð að innan. Stórt hellulagt bílabilan með hitalögn. Þrennar svalir. Fallegt útsýni. Um er að ræða stórt hús með mörgum herbergjum og stórum rýmum sem hentar vel fyrir stórar fjölskyldur miðsvæðis í Garðabæ. V. 98,9 m.

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957



EIKARÁS 6, 272,7 m²
210 GARDABÆ, 129.000.000 kr.

Sverrir Kristinnsson
Lögg. fasteignasali
S. 861 8514/sverrir@eignamidun.is



BÓKID SKOÐUN

Glæsilegt 272,7 fm einbýlishús á tveimur hæðum við Eikarás 6 í Garðabæ. Húsið sem var byggt árið 2004 skiptist m.a. í stofu með arni, borðstofu, eldhús, 5 herbergi, fataherbergi og tvö baðherbergi. Mikil lofthæð á efri hæð hússins. Tvöfaldir innbyggður bílskúr. Upphitað bílplán. Stórar svalir og timburverönd með heitum potti. Glæsilegt útsýni. Innanhússarkitekt er Rut Káradóttir. Innréttingar í húsinu eru allar sérsmiðaðar af Trésmiðjunni Borg.

Magnea S. Sverrisdóttir
Lögg. fasteignasali
S. 861 8511/magnea@eignamidun.is



VÍDIMELUR 58, 139,1 m²
107 REYKJAVÍK, 72,5 mkr.

Hreiðar Levy Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
S. 661 6021/hreidar@eignamidun.is



BÓKID SKOÐUN

Glæsileg, mikið endurnýjuð og endurhættuð 139,1 fm 5 herbergja sérhæð á vinsælum stað í Vesturbæ Reykjavíkur með sér inngangi og bílskúr sem búið er að standsetja sem stúdíóbúð. Góð aðkoma og 2 sérbilastæði á nýlega hellulögðu bílpláni. Góðar leigutekjur.

ÁLAKVÍSL 52, 144,8 m²
110 REYKJAVÍK, 52,9 mkr.

Hreiðar Levy Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
S. 661 6021/hreidar@eignamidun.is



BÓKID SKOÐUN

Góð og vel skipulögð 4 herbergja íbúð með sérinngangi á annarri og rishæð ásamt sérmerktu bílastæði í bílskjallara. Mjög góð staðsetning í rótgrónu hverfi með Ártúnsskóla í göngufæri sem er bæði leik- og grunnskóli, leikskólinn Regnbogann sem er einkarekinn leiksskóli.

GALTALIND 6, 110,6 m²
201 KÓPAVOGUR, 49,9 mkr.

Þórarinn M. Friðgeirsson.
Lögg. fasteignasali, sölustjóri.
S. 899 1882/thorarin@eignamidun.is



OPIÐ HÚS mánudaginn kl. 17:00-17:45 - BÓKID TÍMA HJÁ ÞÓRARNI

4 herb. íbúð á efstu hæð í fallegu frábærliga vel staðsettu litlu fimm íb.fjölb. í Lindahverfi í Kópav. Bæði grunn og leikskólar í nágr. og örstutt í mjög góða þjónustu. Efsta hæð með mikilli lofthæð og mjög góðu útsýni.

SUÐURMÝRI 6, 63,6 m²
170 SELTJARNARNES, 38,9 mkr.

Þórarinn M. Friðgeirsson.
Lögg. fasteignasali, sölustjóri.
S. 899 1882/thorarin@eignamidun.is



BÓKID SKOÐUN

3 herb. mjög vel skipulögð íbúð á jarðhæð í góðu steinhúsi frá 1930. Endurnýjaðir gluggar og gler, ofnar og lagnir bæði ofna og neysluvatns. Endurnýjað eldhús og baðherbergi. Stór ræktuð lóð.

MIÐTÚN 28, 83,3 m²
105 REYKJAVÍK, 44,9 mkr.

Daði Hafþórsson
Lögg. fasteignasali
S. 824 9096/dadi@eignamidun.is



BÓKID SKOÐUN

Frábær nýuppgerð 3ja herbergja íbúð í Miðtúni. Húsið er allt nýstandsett, meðal annars dren og húsið endursteynað.

HÖRÐALAND 10, 85,4 m²
108 REYKJAVÍK, 46,9 mkr.

Þórarinn M. Friðgeirsson.
Lögg. fasteignasali, sölustjóri.
S. 899 1882/thorarin@eignamidun.is



OPIÐ HÚS þriðjudaginn kl. 17:15-17:45 - BÓKID TÍMA HJÁ ÞÓRARNI

4 herb. mikið endurn. íbúð á 2.hæð í vel staðs. húsi sem er nýl. búið að viðg. og mála að utan. Suðursv. og fallett útsýni. Endurn. eldhús, innihurðir, fataskápar í svefnherb. parket og flisar eru á gólfum. Þvottast. innan íbúðar.

VESTURBERG 131, 215,5 m²
111 REYKJAVÍK, 76,9 mkr.

Daði Hafþórsson
Lögg. fasteignasali
S. 824 9096/dadi@eignamidun.is



BÓKID SKOÐUN

Vesturberg 131, 215,5 fm 6 herbergja einbýlishús með bílskúr. Húsið er mjög vel við haldið og með góðan yfirbyggðan sólskála. Húsið er á þremur pöllum þó að aðalhæðin sé ríkjandi. Stór bílskúr með heitu og köldu vatni. Einn eigandi frá upphafi.

BERGÞÓRUGATA 7, 54,5 m²
101 REYKJAVÍK, 38,9 mkr.

Daði Hafþórsson
Lögg. fasteignasali
S. 824 9096/dadi@eignamidun.is



BÓKID SKOÐUN

Bergþórugata 7, 54,5 fm virkilega falleg endurnýjuð íbúð á besta stað í miðbænum. Eignin er öll frá grunni. Sameiginlegur lokaður garður fylgir eigninni.

LAUTASMÁRI 28, 98,2 m²
200 KÓPAVOGUR, 45,9 mkr.

Bjarni T. Jónsson
Lögg. fasteignasali
S. 895 9120/bjarni@eignamidun.is



BÓKID SKOÐUN

Nýtt í einkasölu falleg og björt fjögurra herbergja endaíbúð á 2. hæð í snyrtilegu fjölbýli við Lautasmára 28 í Kópavogi. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, þvottahús innan íbúðar. Suðursvalir. Stutt í alla helstu þjónustu, skóla og leikskóla.

STRIKID 10, 100,7 m²
210 GARDABÆR, 59,9 mkr.

Bjarni T. Jónsson
Lögg. fasteignasali
S. 895 9120/bjarni@eignamidun.is



BÓKID SKOÐUN

Fyrir 60 ára og eldri. 3ja herb. glæsileg 100,7 fm íbúð ásamt stæði í bilageymslu í Sjalandi í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofugang, hol, tvö svefnherbergi, baðherbergi með sturtu og innréttingu, stofu, eldhús og þvottahús innaf eldhúsi. Geymsla í íbúð og í kjallara. Yfirbyggðar svalir og útsýni



GRENSÁSVEGUR 11

SÍMI 588 9090

Hreiðar Levy Guðmundsson Nemi til löggildingar fasteignasala Sími 661 6021

Ármann Þór Gunnarsson Löggiltur fasteignasali Sími 847 7000

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir Löggiltur fasteignasali SÍMI 862 1110

Herdis Valb. Hölldóttir Lögræðingur og löggiltur fasteignasali Sími 694 6166

Bjarni T. Jónsson Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali SÍMI 895 9120

Ólafur H. Guðgeirsson Rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali Sími 694 6166

Jenny Sandra Gunnarsdóttir Skrifstofustjóri

Guðbjörg Matthíasdóttir Lögræðingur og löggiltur fasteignasali Sími 588 9090

Ásdis H. Júlíusdóttir Ritari


Maria Waltersdóttir Móttökuritari

ÞORRASALIR 13, 124,8m²
201 KÓPAVOGUR, 68,9 mkr.

BÓKID SKOÐUN

Sverrir Kristinnsson Lögg. fasteignasali S. 861 8514/sverrir@eignamidlun.is

Magnea S. Sverrisdóttir Lögg. fasteignasali S. 861 8511/magnea@eignamidlun.is



Mjög falleg og vönduð 124,8 fm 4ra herbergja íbúð á 5. hæð í nýlegu lyftuhúsi við Porrasali í Kópavogi. Sér inng. af svalgangi. Stórar yfirbyggðar svalir til suðvesturs útaf stofu. Glæsilegt útsýni með fjallasýn. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, eldhús, þrjú herbergi, baðherbergi og þvottahús/snyrtingu. Geymsla í kjallara. Íbúðinni fylgir stæði í bilageymslu. Eftirsótt staðsetning. Stutt í verslanir, sundlaug og alla helstu þjónustu. Frábær útivistarsvæði í næsta nágrenni. Örstutt í golfvöll (GKG).

BLÁSALIR 22, 93,0m²
201 KÓPAVOGUR, 46,9 mkr.

Magnea S. Sverrisdóttir Lögg. fasteignasali S. 861 8511/magnea@eignamidlun.is



BÓKID SKOÐUN

Mjög falleg 93,0 fm 3ja herb. íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi við Blásali í Kópavogi. Stofa og tvö svefnherbergi. Svalir útaf stofu. Glæsilegt útsýni m.a. sjávar- og fjallasýn. Íbúðinni fylgir stæði í bilageymslu. Eftirsótt staðsetning. Stutt í leikskóla, skóla, sundlaug, golfvöll, verslanir og alla helstu þjónustu.

KEILUGRANDI 6, 125,7m²
107 REYKJAVÍK, 54,0 mkr.

Magnea S. Sverrisdóttir Lögg. fasteignasali S. 861 8511/magnea@eignamidlun.is



BÓKID SKOÐUN

Falleg og vel skipulögð 4ra herb. 125,7 fm íbúð á 3. hæð í litlu fjölbýlishúsi við Keilugranda 6 í Reykjavík. Sjávarútsýni úr eldhúsi. Tvennar svalir. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, sjónvarpshol, eldhús, þrjú herbergi, baðherbergi og forstofu. Geymsla í kjallara. Stæði í bilageymslu fylgir. Íbúðin skráð 98,9 fm og stæði í bilageymslu 26,8 fm.

SELVOGSGRUNN 31, 240,2m²
104 REYKJAVÍK, 84,9 mkr.

Ólafur H. Guðgeirsson Lögg. fasteignasali S. 663 2508/olafur@eignamidlun.is



BÓKID SKOÐUN

Einstök eign við Selvogsgrunn – 202,3 fm. sérhæð á tveimur hæðum með stofur, svalir og eldhús á neðri hæð, fjögur svefnherbergi og tvennar svalir á efri hæð, auk 37,9 fermetra bílskúrs, samtals 240,2 fermetrar. Húsið stendur ofan götu, með stórum gluggum, mikilli birtu og góðu útsýni, sérstaklega af svölum efri hæðar.

ÖLDUGRANDI 9 ÍBÚÐ 103
107 REYKJAVÍK, 39,9 mkr.

Ólafur H. Guðgeirsson Lögg. fasteignasali S. 663 2508/olafur@eignamidlun.is



BÓKID SKOÐUN

Vel hönnuð tveggja herbergja íbúð á jarðhæð, með stæði í bilakjallara. Björt stofa, rúmgott hálfopðið eldhús, útgengi beint út í garð. Sérinngangur af svalgangi. Eignin er mjög vel staðsett næri verslunum og þjónustu, og stutt í gönguleiðir og útvist.

AUSTURKÓR 121, 149,5m²
203 KÓPAVOGUR, 78,9 mkr.

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir Lögg. fasteignasali S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is



BÓKID SKOÐUN

Sveit í borg! Afar sjarmerandi 3ja herbergja endarahúsi á einni hæð, ásamt bílskúr, í jaðri byggðar í Kórahverfinu í Kópavogi. Stórt hjónaherbergi með fataherbergi. Rúmgott baðherbergi með baðkari og sturtuklefa. Pallur meðfram húsi á tvo vegu og heitur pottur á palli úr stofu. Innangengt í bílskúr úr íbúð.

BORGARHOLTSBR. 43
200 KÓP, 97,6m² – 48,5 mkr.

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir Lögg. fasteignasali S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is



BÓKID SKOÐUN

Falleg og skemmtilega skipulögð 4-5 herbergja íbúð á neðstu hæð í þrjúbýlishúsi á vinsælum stað á Kársnesinu. Sérinngangur er í íbúðina og sólpallur við innganginn. Sér bílastæði við húsið. Stutt göngufæri í grunnskóla, sundlaug og ýmsa menningu og þjónustu.

VESTURGATA 7, 101,8m²
101 REYKJAVÍK, 47,9 mkr.

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir Lögg. fasteignasali S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is



BÓKID SKOÐUN

Góð 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í lyftuhúsnæði í hjarta miðborgarinnar. Íbúðin er í húsnaði fyrir aðila, sem eru 67 ára eða eldri. Eitt herbergið hefur verið opnað inn í stofu þannig að nú eru tvær samliggjandi stofur í íbúðinni, rúmgott hjónaherbergi og eitt minna herbergi.

NÝLENDUGATA 22, 77,6m²
101 REYKJAVÍK, 49,5 mkr.

Unnar Kjartansson Sölufulltrúi S. 867 0968/unnar@eignamidlun.is



BÓKID SKOÐUN

Sérlega falleg og vel skipulögð íbúð á þriðju hæð í glæsilegu húsi. Mikil endurnýjuð eign. Nýleg gólfefni, endurnýjað eldhús og baðherbergi. Nýlegar svalir. Tvö rúmgöð svefnherbergi. Stutt í alla verslun og þjónustu.

SNÆLAND 1, 108m²
108 REYKJAVÍK, 52,9 mkr.

Kjartan Hallgeirsson Lögg. fasteignasali S. 824 9093/kjartan@eignamidlun.is



BÓKID SKOÐUN

Mikið endurnýjuð falleg og björt 95 fm 4ra herbergja íbúð á efstu hæð með miklu útsýni. Íbúðin skiptist í hol, opið eldhús, sér þvottahús, stofu, sjónvarpshol, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Sér geymsla er í kjallara og sameiginleg hjólageymsla og þvottahús.

DAGGARVELLIR 6B, 99,9m²
221 HAFNARFJÖRÐUR, 46,5 mkr.

Ármann Þór Gunnarsson Lögg. fasteignasali S. 847 7000/armann@eignamidlun.is



BÓKID SKOÐUN

Falleg, björt og vel skipulögð 99,9 fm 4 herbergja íbúð með sérinngangi af svölum á 3 hæð að Daggarvöllum 6B. Stórar sólríkar suðursvalir með útsýni. Sameign er lítil og húsið er steinað að utan.

Vantar allar gerðir eigna á söluskrá. Mikil sala. Skoðum og verðmetum samdægurs. Hafðu samband.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar
Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is




Gisli Rafn
Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig
Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Sérbylí óskast í Laugardalnum og í Fossvogi

Nönnustígur 2 – Hafnarfirði. Fallegt einbýlishús í gamla bænum.



Mjög fallegt og þó nokkuð endurnýjað 143,7 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á þessum fallega og eftirsóttu stað í gamla bænum í Hafnarfirði. Húsið stendur á 309 fm. leigulöð með sér bilastæðum og matjurtagarði.

- Samliggjandi bjartar stofur með gluggum í þrjár áttir. Nýlega uppgerð eldhús. Rúmgott hjónaherbergi með gluggum í þrjár áttir og þrjú barnaherbergi. Verönd með skjólveggjum fyrir aftan hús auk annarrar minni verandar fyrir framan hús.
- Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum. Fyrir liggja samþykktar teikningar að stækkun eignarinnar með því að byggja skála við stofur.

Verð 64,9 millj.

Valhúsabraut – Seltj.nesi. Einstök staðsetning á Valhúshæðinni.



Virkilega vandað 254,7 fm. einbýlishús á einni hæð á einstökum stað við opið óbyggt útivistarsvæði á Valhúshæðinni. Frá eigninni nýtur útsýnis til sjávar, að Keili, Esjunni og víðar. Húsið er mjög vandað. Massívt niðurlímt parket og sérsmiðaðar innréttingar í öllu húsinu. Aukin lofthæð í stórum hluta hússins og gólfisíðir gluggar að hluta. Setustofa með mikilli lofthæð og káminu. Borðstofa með gólfisíðum gluggum til suðurs. Skáli við borðstofu með útgengi á verönd. Fjögur herbergi. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Lóðin er fullfrágengin en þó hefur ósnortinn mói verið láttinn halda sér í tengslum við Valhúshæðina norðan og austan við húsið. Stór hellulöð innkeyrsla og stéttir fyrir framan húsið. Verð 147,9 millj.

Naustavör nr. 36-42. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.



- Naustavör 36-42 eru 3 – 4 hæða fjölbýlishús í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Íbúðirnar eru frá 84 fermetrum upp í 208 fermetra og eru 2ja til 4ra herbergja.
- Allar innréttingar er sérsmiðað af Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunar-tæki frá Tengi. Íbúðirnar sjálfar verða afhentar án gólfefna, nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flisar frá Parka.
- Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bilageymslu fylgja flestum íbúðum. Útsýni til sjávar eru úr flestum íbúðum.

Afhendingartími íbúða er á tímabilinu júní – júlí 2020.

Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is

Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.



- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum. Stærðir frá 58-254 fm.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gyltar álkjæðningar ásamt stórum swiss pearli steinplötum. Sérstök hjóðgölf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hjóðvist. Gólfisíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimspekta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

Vatnsstigur 14. Glæsileg 4ra herbergja íbúð – laus strax.



Þegar maður kafar ofan í sögu leiklistar á Vestfjörðum áttar maður sig á því að í fjórðungnum var fólk sem ruddi brautina svo vel að maður getur sjálfur helgað sig listinni, segir Elfar Logi Hannesson, eini atvinnuleikari Vestfjarða. Hann hefur rekið eigið leikhús, Kómedíuleikhúsið, í áratugi og sett upp fjölda einleikja. Sá frægasti fjallar um Gísla Súrsson, sem Elfar Logi telur fyrsta leikara Vestfjarða, enda hafi Gísli komist rækilega á blað er hann lék Ingjaldsfiðli.

Dýrfirðingar listfengir

Elfar Logi lætur líka muna um sig á ritvellinginum. Nú er kominn út ný bók eftir hann, Leiklist og list á Þingeyri og þar er allur Dýrafjörðurinn undir.

„Ég ætlaði fyrst bara að skrifa leiklistarsöguna, svo ákvað ég að bæta annarri list við vegna þess að Dýrfirðingar eru svo listfengir, það leikur allt í höndunum á þeim.“ útskýrir hann. „Ég skrifaði bók um leiklistina á Bildudal fyrir nokkrum árum, þar var af nógu að taka. Hér á Þingeyri á myndlistin líka mikla sögu. Listmálararnir Nína Tryggvadóttir og Jón Engilberts komu hér við og einn kafllinn í bókinni fjallar um listahjónin á Hofi, Gunnar Guðmundsson og Guðmundu Jónu Jónsdóttur, afa og ömmu Vilborgar Davíðsdóttur rithöfundar. Munda sótti meðal annars efnivið í sín verk í fjöruna, Gunnar rataði í hina merku bók Einfarar í íslenskri myndlist, þó hann væri kominn á eftirlaun þegar hann byrjaði að mála.“

Leiklistin hefur átt sín blómaskeið í Dýrafirði og daprari ár á milli að sögn Elfars Loga. „Oft byggist drifkrafturinn á sama fólkinu í einhver ár, það koma einhverjir brjálæðingar sem taka áhugamálin fram yfir vinnuna og vex ekkert í augum í þeim efnunum. Í hinum smærri byggðum er hver einstaklingur svo mikilvægur, alveg á við heila blokk í Reykjavík, eða heilt hverfi. Núna er sett upp leikrit á hverju ári hjá Höfrungi – leikdeild hér á Þingeyri. Þar er einn eldhugi og þetta starf væri ekkert án hans. Það hófst með Dragedukken 2009 og svo hafa verið sett upp verk árlega, nánast óslitið síðan,“ segir Elfar Logi sem hefur leikstýrt öllum sýningum Höfrungs.

List augnabliksins

Elfar Logi er fæddur og uppalinn á Bildudal en býr nú á Þingeyri og fer um allt með sínar sýningar en þar sem nú er samkomubann í landinu segir hann ágætt að fást við grúsk og að skrifa.

„Ég greip það í mig að mig langaði að skrifa leiklistarsögu Vestfjarða. Íslenska leikbókmenntadeildin er frekar tómleg og þó flottar bækur séu til um sögu bæja og byggða þá er listin yfirleitt afgreidd nokkuð snögglega þar, enda margt sem þarf að segja frá. Þannig að ég ákvað að stúdera leiksögu Vestfjarða og er þegar byrjaður á þriðju bókinni – um leiklist í Bolungarvík,“ lýsir hann.

„En leiklist er list augnabliksins,“ bendir hann á. „Hún gerist bara hér og nú og heimildirnar hverfa oft með fólkinu. Mér finnst ég vera í dálitlu kapphlaupi við tímann. Ég hitti margt fólk sem tók þátt í sýningum en þegar ég fer að yfirheyrja það er algengt svar: „Það var mikið leikið, alltaf sett upp eitthvað á hverjum vetri,“ svo fer minna fyrir upplýsingum um hvað var leikið, hvaða ár og hverjir léku. Það rennur



Í samkomubanni segir Elfar Logi ágætt að fást við grúsk. MYND/MARSIBIL



Elskulegur eigenmaður, faðir, tengdafaðir, afa og langafi,

Ingvi B. Guðmundsson

járnsmiður og slökkviliðsmaður, til heimilis að Suðurlandsbraut 58,

lést þann 14. apríl á Víflsstöðum.

Útförin fer fram í kyrrþey.

Starfsfólki Friðuhúss þökkum við sérstaklega hlýju og alúð við umönnun hans síðustu ár. Einnig þökkum við starfsfólki Víflsstaða fyrir góða umönnun síðustu vikurnar í lífi hans.

Agnes Kjartansdóttir

Dadda Guðrún Ingvadóttir

Benedikt Ingvason

Sigrún Björg Ingvadóttir

Sveinn Óskarsson

Áshildur Jónsdóttir

Halldór Þorvaldsson

barnabörn og barnabarnabörn



Útför elskulegs föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Jóns H. Bergs

fv. forstjóra SS og aðalræðismanns Kanada,

fer fram miðvikudaginn 22. apríl kl. 15.00.

Aðeins nánasta fjölskylda verður viðstödd en streymt verður frá athöfninni á vefslóðinni <https://livestream.com/accounts/21705659/jonhbergs>

Jón Gunnar Bergs

Magnús Helgi Bergs

Björn B. Alfreðsson

Maria Soffia Gottfreðsdóttir

Klara Zelei

barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



allt dálítið saman – að ekki sé minnst á myndaskortinn.“

Í nýju bókinni er listi yfir 55 leikverk sem sett hafa verið upp í Dýrafirði, þó er sýninga Kómedíuleikhússins ekki getið þar. Þegar gluggað er í bókina sést að á sjöunda áratugnum hefur Leikfélag Þingeyrar verið starfandi og líka Leik-



Núna er sett upp leikrit á hverju ári hjá Höfrungi –leikdeild hér á Þingeyri. Þar er einn eldhugi og þetta starf væri ekkert án hans.

félag Núpsskóla. Fram að því virðist kvenfélagið Von standa fyrir flestum sýningum. „Það hefur verið eins í Bolungarvík, kvenfélagið þar hefur verið sterkur bakhjarl sýninga,“ lýsir Elfar Logi. „Í gerðabókum félaganna er þó yfirleitt fáum orðum eytt í þennan þátt starfsins, einungis getið um að sett hafi verið upp leikrit. Svo koma eyður í þessa sögu alla, þá hefur líklega verið rólegt í sýningahaldi, kannski hefur bara verið dansað þeim mun meira,“ segir hann glaðlega. „Það er sko aldrei leiðinlegt herna fyrir vestan!“ gun@frettabladid.is



BLÁR APRÍL

Styrktarfélag barna með einhverfu

EINHVERFAN MÍN ER BARA HLUTI AF MÉR OG VERÐUR ÞAÐ ALLTAF

Heilsaðu upp á Maríu á blarapril.is
Hún er einhverf og hefur frá ýmsu að segja



VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Reykjavík



10 | 9
°C | K

Egilsstaðir



10 | 7
°C | ↑

Ísafjörður



5 | 9
°C | ↑

Kirkjubæjarkl



6 | 6
°C | ←

Akureyri



12 | 4
°C | ↑

Hveravellir



2 | 10
°C | ↑

Suðaustan eða sunnan 8-15 m/s og rigning og súl með köflum vestantil, en slydda í fyrstu um landið norð-vestanvert. Skýjað með köflum eða bjartviðri norðan og austanlands. Dregur úr úrkomu vestantil síðdegis á morgun. Hiti 5 til 13 stig yfir daginn.

Þriðjudagur

Reykjavík



10 | 10
°C | K

Egilsstaðir



13 | 5
°C | ↑

Ísafjörður



6 | 7
°C | ↑

Kirkjubæjarkl



7 | 6
°C | K

Akureyri



13 | 1
°C | ←

Hveravellir



2 | 10
°C | ↑

Miðvikudagur

Reykjavík



8 | 1
°C | ↑

Egilsstaðir



5 | 1
°C | ↑

Ísafjörður



3 | 2
°C | ↑

Kirkjubæjarkl



9 | 2
°C | K

Akureyri



6 | 1
°C | ↑

Hveravellir



2 | 4
°C | ↑

LÉTT

2			7	3		6	
		5	4		2	8	3
		4	6				
6			9		8		
			3		6	5	
3		9		4			2
	7				4		5
		6			5		7
		2	3		9		

MIDLUNGS

3		4	7				1
	5	1		8			
6		7			4		
	7				9		4
		2			3	6	5
4		6					1
					2	3	9
2		3	8			1	
5	4						7

PUNG

3		6	1				
9			2		7		
		2	9		5	7	
4		8					1
					5	6	
							9
1							4
2	8		7	1			6
		7					5

Krossgáta

LÁRÉTT

- umstang
- seinka
- hæð
- skora
- smuga
- þrep
- jafnt
- reisa
- síðast
- skrípaleikur

LÓDRÉTT

- hanki
- limband
- upphrópun
- andin
- gleðskapur
- spektar
- stríða
- stafur
- tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1. stuss, 5. tef, 6. as, 8. rífta, 10. op, 11. samset, 9. friðar, 14. erta, 14. erta, 16. ss.
LÓDRÉTT: 1. stroffa, 2. teip, 3. úrf, 4. sálin, 7. rim, 12. einn, 13. fer, 15. aftast, 17. farsl.

Skák Gunnar Björnsson

Tarrasch átti leik gegn Janovski í Ostende árið 1907.

Hvítur á leik

1. Dxf8+! Hxf8 2. Hxf8 Dxf8 3. h6+! Kg8 4. h7+ 1-0. Fyrsta mótið í Nethraðskákmóti taflfélaga fór fram á laugardaginn. Það var Taflfélag Reykjavíkur sem hafði sigur. Boðsmót Magnúsar Carlsen hófst um helgina á Chess24. Átta af sterkustu skákmönnum heims taka þátt. www.skak.is: Sóknin á netinu.




6	1	3	9	2	7	8	4	5
5	7	8	6	4	3	1	9	2
9	4	2	1	5	8	3	7	6
1	3	5	4	6	9	2	8	7
2	6	9	7	8	1	5	3	4
7	8	4	5	3	2	6	1	9
4	9	6	3	1	5	7	2	8
8	5	1	2	7	4	9	6	3
3	2	7	8	9	6	4	5	1

9	1	6	4	3	7	2	5	8
2	8	7	5	6	1	9	3	4
5	3	4	8	9	2	1	6	7
6	2	1	9	7	4	3	8	5
7	9	3	1	5	8	6	4	2
4	5	8	6	2	3	7	9	1
1	6	5	2	4	9	8	7	3
3	4	2	7	8	6	5	1	9
8	7	9	3	1	5	4	2	6

2	5	7	3	6	1	4	9	8
8	6	3	4	9	2	1	5	7
9	1	4	5	7	8	6	2	3
4	7	8	1	5	9	3	6	2
1	2	5	7	3	6	9	8	4
3	9	6	8	2	4	5	7	1
5	3	2	9	1	7	8	4	6
6	8	9	2	4	3	7	1	5
7	4	1	6	8	5	2	3	9


Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

VELDU GÆÐI!

3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM

Simi: 561 1433

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

SOFÐU BETUR

Kally Sleep®

your sleep expert

Heldur
höfði, hálsi
og mænu
í línu

Minnkar
brýsting á
mjóbak

Aðlagast
líkamanum

Styður við liði og veitir
þyngdarleysistilfinningu

Kally Body koddinn er sérhannaður til að styðja við góða svefnstöðu og dýpri svefn.

Ef þú glímir við verk í baki, hálsi eða fótum þá er Kally fyrir þig.

Ótrúlegt verð!

6.990 kr.

Til afhendingar strax

Kynntu þér Kally Body koddann á www.hopkaup.is

HÓPKAUP
...í krafti fjöldans!

www.hopkaup.is
samband@hopkaup.is

539-3001

Leyndarmálin bak við góða bókarkápu

Ólafur Kristjánsson grafískur hönnuður hefur hannað rúmlega 100 bókarkápur. Hann segist koma að kápuhönnun með opnum huga og gerir nokkrar ólíkar tillögur. Segir bókarkápu eiga að vekja áhuga.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Bókasafnarar vita að útlit bóka skiptir sannarlega máli. Ólafur Kristjánsson grafískur hönnuður hefur hannað bækur árum saman. Honum telst til að hann hafi hannað á að giska 120 kápur. Hann hefur meðal annars unnið fyrir Íðunni, Bjart, Veröld, Háskólaútgáfun, Angústúru og fyrir dönsku forlögin Hr. Ferdinand, C&K og Politiken. Hann hefur verið yfirhönnuður með meiru hjá Benedikt bókaútgáfu síðan hún var stofnuð 2016.

Nýjasta bókarkápa hans er Grikkur eftir Domenico Starnone. „Það var skemmtilegt verkefni, því það er bók í bókaklúbbi svo kápan þarf að vera í stíl við tvær væntanlegar bækur í viðbót. Þar er ég að vinna með tvo sterka liti og hring, sem verður svo í ólíkrí útfærslu,” segir hann.

Útlit, mynd og texti

Fyrsta kápan sem hann hannað var Svarti prinsinn eftir Iris Murdoch sem kom út hjá Íðunni, í þýðingu Steinunnar Sigurðardóttur, árið 1992. „Ég man að ég var mjög metnaðarfullur og gerði mjög margar tillögur. Ein svört tillaga var samþykkt en útgefandanum fannst vanta ljósmynd á kápu, jæja, það mátti skoða það. Svo kom myndin sem hann hafði valið og ég varð svo sár, kornungur maðurinn, mér fannst hún bara alls ekki vera nógu bókmenntaleg. Ég nánast grét mig í svefn.”

Spurður hvað einkenni góða bókarkápu segir Ólafur: „Hún vekur áhuga, gefur hugmynd um eðli bókarinnar, og svo má ekki vanta praktískar upplýsingar! Mér finnst okkur útgefanda og höfundu hafa tekist vel upp með kápu fyrir bók Bergþóru Snæbjörnsdóttur, Svínshöfuð. Titillinn fannst mér aðeins erfiður, eins og hann gæti verið fráhrindandi – en þetta er samt svo stórkostlegur titill á þessari bók, sá eini rétti. Ég kaus að hafa kápu að vissu leyti klassíska, elegant, titillinn ekki of stóran og á framhliðinni fallega mynd frá Breiðafirði. Baksiðutextinn hefst svo á orðunum: „Af hverju fær eldri maður frá Breiðafirði viðurnefnið Svínshöfuð?“ Þannig vinnur vel saman útlit, mynd og texti.”


Hönnun lærimeistara

Beðinn um að nefna bókarkápu sem hann sé stoltur af segir hann: „Ég er mjög stoltur af Veðurfræði Eyfellinga eftir Þórdi Tómasson, endurútgáfu sem kom út hjá Bjarti fyrir nokkrum árum. Það var skemmtilegt verkefni, ég hannaði líka innsíður og bókinn var gefin út í tveimur ólíkum litum, með afgangi kápufrá Ódda.

Ég er raunar að vinna að slíku verkefni nú, með kápu og innsíður sem ég ætla aðeins að leika mér með, ljóð eftir Óskar Árna Óskarsson, ljósmyndir eftir Einar Fal Ingólfsson, bók sem er væntanleg hjá Benedikt í haust. Annars eru þær nú sem betur fer nokkrar sem ég er stoltur af; Mislæg gatnamót eftir Þórdísi Gísladóttur fannst mér heppnast vel. Einnig má nefna Kuðungasafnið eftir Óskar Árna.



Ég byrja á því að gera tvær til fimm ólíkar tillögur,” segir Ólafur um bókahönnun sína. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Kápa sem vakti hryggð hjá Ólafi.

Sú kápa sem mér þykir einna vænst um í seinni tíð er Ungfrú Ísland eftir Auði Övu Ólafsdóttur. Sögusviðið er í byrjun sjöunda áratugarins og var ákveðið að sækja í kápuhönnun þess tíma. Fyrir valinu varð hönnun lærimeistara míns Gísla B. Björnssonar, Helgafellsbókin Dagleið á fjöllum og Gísli tók okkur fagnandi og gaf leyfi til að styðjast við hans hugmynd. Höfundur fullkomnaði svo þennan leik með því að segja kímín í blaðaviðtali að loksins hefði sögupersónan, skáldkonan Hekla, fengið sína Helgafellskápu, fimmtíu árum eftir að hún hefði átt að fá hana!

Sterkara að segja minna

Hann segist koma að kápuhönnun með opnum huga. „Ég byrja á því að gera tvær til fimm ólíkar tillögur, stundum gerólikar, og velja svo ásamt útgefanda og stundum



Kápuhönnunin á Ungfrú Ísland var sótt í hönnunina á Dagleið á fjöllum.



Ólafur er sérlega stoltur af kápu á Veðurfræði Eyfellinga.

ÞEGAR ÉG LÍT TIL BAKA ER ÉG EKKI FRÁ ÞVI AÐ ÞAÐ GEFIST OFT BEST AÐ HÖNNUÐUR FÁI FRÍTT SPIL MEÐ FYRSTU TILLÖGUR, ÞETTA ER JÚ HANS FAG, OG ÞÁ KOMA KANNSKI FJÖLBREYTTARI HUGMYNDRIR.

höfundu í hvaða átt á að fara. Stundum hef ég lesið handritið; oftar fæ ég útdrátt eða stikkorð frá útgefanda, sem er þá búinn að sammælast um lýsingu við þýðanda eða höfund. Það er ekki síðra að fá innihaldið þannig niðursöðid, þá er ljóst hvað áhersla er lögð á. Mitt hlutverk er svo að undirstrika það enn frekar með minni útfærslu.

Stundum hefur höfundur mjög ákveðna mynd í huga og þá er sjálf-sagt að vinna með það. Nú eða útgefandi vill leggja línur. En þegar ég lít til baka er ég ekki frá því að það gefist oft best að hönnuður fái frítt spil með fyrstu tillögur, þetta er jú hans fag, og þá koma kannski fjölbreyttari hugmyndir. Nánari útfærsla er svo kannski meira samvinnuverkefni.”

Nú tíðkast mjög að vitna í dóma á bókarkápu eða skella stjörnum á þær. Spurður um álit sitt á því segir Ólafur: „Ég sýni því skilning að útgefendur vilji gera þetta. En þá segi ég bara: ekki láta kappið þera fegurðina ofurliði. Stundum þarf fegurðin að fá að ráða. Og það getur hreinlega verið sterkara að segja minna heldur en að hrópa í allar áttir. Segi ég sem vitna í fimm stjörnur á forsiðu og þrisvar sinnum á baki á krimmanum Þerapistinn sem Benedikt gefur út í sumar, en þetta er hluti af praktísku upplýsingahliðinni á kápu!”

Tveir gullmolar

BÆKUR

Georg og magnaða mixtúran

★★★★★

BFG

★★★★★

Höfundur: Roald Dahl

Þýðandi: Sólveig Sif

Hreiðarsdóttir

Útgefandi: Kver

Bókaforlagið Kver hefur endur-útgefið tvær bækur eftir hinn snjalla rithöfund Roald Dahl, með myndum eftir Quentin Blake. Myndirnar eru óaðskiljanlegur hluti af textanum, eins og allir þeir fjölmörgu sem dá barnabækur Dahls vita mætavel.

Georg og magnaða mixtúran fjallar um átta ára dreng sem á skelfilega ömmu, hún er illgjörn, orðljót og frek. Börn eiga því ekki að venjast að ömmur kalli þau eigingjarnt svín, en það gerir þessi amma óhikað. Georg litli býr til mixtúru sem á að lækna ömmuna en það tekst ekki, í staðinn stækkar hún iskyggilega mikið. En hún er ekki það eina sem stækkar í þessari sögu.

Þetta er stutt, snjöll og fyndin saga með hæfilega miklum hryllingi. Amman er slæg og sýnir Georg einungis grimmd þegar foreldrarnir eru ekki viðstaddir. Hann er eitt af fjölmörgum börnum í sögum Dahls sem verða sjálf að gripa í taumana í samskiptum við fullorðnar manneskjur. Fúkyrðaflaumurinn sem amman lætur út úr sér hlýtur að hrella unga lesendur og þegar hún hverfur úr sögunni hlýtur þeim að




Roald Dahl er örugglega í hópi ástsælustu barnabókahöfunda sögunnar.

vera létt. Þar er um að ræða makleg málagjöld.

BFG er saga um munaðarleysingjann Soffiu sem góður risi rænir og fer með í helli sinn. Þar eru fyrir mannætúrisar og risinn góði og Soffía ákveða að leita liðsinnis Bretadrottningar í tilraun til að stöðva mannatið.

Bókin byggir mjög á alls kyns orðaleikjum. Þar reynir mjög á þýðandann sem leysir verk sitt af þryði. Alls kyns skilaboð og boðskapur leynast í sögunni, til dæmis um grimmd mannanna sem drepa hver annan. Dahl bar mikla virðingu fyrir börnum og hvatti þau ætíð til bóklesturs og taldi að það



væri þeim hollt að lesa upp fyrir sig. Það er því örugglega engin tilviljun að risinn góði hefur lært að tala, þótt hann tali undarlega, af því að lesa Nikulás Nickleby eftir Charles Dickens.

Bókin er ansi hrollvekjandi, góði risinn er sjö metrar, þeir vondu helmingi hærri og borða bæði börn og fullorðna með góðri lyst. Um leið er sagan einkar skemmtileg.

Dahl kunni, eins og aðdáendur hans vita, fjarska vel að blanda saman skemmtun og hryllingi. Ekki skrytið að bækur hans hafa verið í stöðugri endurprentun víða um heim.

Það er mikið fagnaðarefni að fá þessar bækur aftur á markað. Þær munu ekki bara gleðja þá lesendur sem eru ungir að árum heldur einnig alla þá fullorðna sem hafa verið svo lánsamir að varðveita barnið í sjálfum sér.

Kolbrún Bergþórsdóttir

NIÐURSTADA: Tveir gullmolar frá Roald Dahl gleðja og kæta en eru um leið spennuþrungnir. Teikningar Quentin Blake eru dásemd.



Verk á sýningunni í Tokyo.

Heldur sýningu í miðborg Tókýó

Eirdís Ragnarsdóttir kom í stutta heimsókn til Tókýó í febrúarbyrjun en þegar COVID-faraldurinn skall á með fullum þunga lokaðist hún inni í borginni. Hún lét samt hvergi deigan síga og notaði tímann til að mála og teikna, fann galleri á besta stað í miðborg Tókýó og setti þar upp sýningu. Vegna nálgunarlokunar í Tókýó mæta fáir í eigin persónu inn í sýningarrýmið en þeir sem eiga leið fram hjá geta skoðað verkin í gegnum gluggana sem eru stórir. Ef þeir banka upp á eru þeir líka velkomnir inn ef þeir eru með andlitsgrímu og virða persónulega fjarlægð á sýningunni.

Vegna þessa sérstaka ástands hefur listamaðurinn líka sett verkin á netið þar sem fólk getur skoðað þau. Vefsíða Eirdísar er: www.eirdis.com

BÍTIÐ




BYLGJAN
989

VÍSIR

HEIMIR OG GULLI VAKNA Í MORGUNSÁRIÐ Á BYLGJUNNI, STÖÐ 2 VÍSIR OG VÍSIR.IS

ALLA VIRKA MORGNA MILLI KL. 06:50 OG 10:00





MENNTARÚV



Virka daga kl. 9 – RÚV


Sjónvarppáttur úr smiðju KrakkaRÚV og UngRÚV þar sem kafað er ofan í vísindin, fræðst um Ísland og umhverfið, rýnt í menningu og listir og hugað að hreysti og góðri líðan.

NÚLLSTILLING



Virka daga kl. 14 – RÚV 2 og ruvnull.is

Bein útsending frá Eldborg í Hörpu þar sem RÚVnúll fær góða gesti í settið, tekur púlsinn á unga fólkinu, og sýnir gommu af skemmtilegu og fróðlegu sjónvarpsefni.



menntaruv.is

Nýr spilari með fræðandi og upplýsandi dagskrárefni fyrir ungt fólk á grunn- og framhaldsskólastigi.



DAGSKRÁ

Mánudagur

HRINGBRAUT

20.00 Saman í sóttkví er þáttur um gleðina á sviði í samkomubanni.
20.30 Fasteignir og heimili Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.
21.00 21 - Fréttapáttur á mánudegi er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Bílalíf er fjórlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi.

RÚV SJÓNVARP

06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2
09.00 Heimavist - MenntarÚV
11.00 Skólahreysti - Úrslit
11.31 Fjörskýldan
11.32 Alla leið
12.15 Ferðastíklar - Giljaheimar
13.00 Tíu fingur - Anna Guðný og Sigurður Ingvi
14.00 Blaðamannafundur vegna COVID-19 Bein útsending frá blaðamannafundi.
14.40 Herra Bean / Mr Bean
14.55 Leikhússveisla í stofunni - Með fulla vasa af grjóti Leiksýning Þjóðleikhússins (2017). Hilmir Snær og Stefán Karl fara á kostum í einni vinsælustu sýningu leikhússins á síðari árum, sem var sett á svið 2000, 2012 og 2017. Höfundur: Marie Jones. Leikstjórn: Ian McElhinney. Þjóðleikhúsið og RÚV - beint til þín.
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Eysteinn og Salóme
18.13 Hinrik hittir
18.18 Letibjörn og læmingjarnir
18.25 Flugskólinn
18.47 Tulipop
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Sjö heimar, einn hnöttur - Suður-Amerika Seven Worlds, One Planet Vönduð heimildapáttaröð með David Attenborough þar sem fjallað er um ólíka náttúru og dýralíf heimsálfanna sjö. Þýðandi og þulur er Gunnar Þorsteinsson. Þættirnir eru sýndir á sama tíma á RÚV 2 með ensku tali.
21.10 Lögfræðingurinn / Advokaten Dönsk-sænsk spennuþáttaröð um lögfræðinginn Frank Nordling sem missti foreldra sína sem barn. Þegar hann kemst að því að dauða foreldra hans þar að með saknæmum hætti þyrstir hann í að ná fram hefndum. Aðalhlutverk: Alexander Karim, Malin Buska, Thomas Bo Larsen og Sara Hjort Ditlevsen. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Hljóðrás. Tónmál tímans - Geimkapphlaupið / Soundtracks. Songs That Defined History.
Space Race Heimildapáttaröð í átta hlutum þar sem fjallað er um tónlist í tengslum við sögulega atburði, eins og fall Berlínarmúrins, geimkapphlaupið og réttindabaráttu samkynhneigðra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
23.00 Hefðir um heim allan / Rituals
23.50 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

07.00 Ísland vaknar
10.00 Dr. Phil
10.45 Everybody Loves Raymond
11.10 The King of Queens
11.30 How I Met Your Mother
11.55 Dr. Phil
12.40 The Neighborhood
13.05 Mannlíf
14.05 Dr. Phil
14.50 Pabbi skoðar heiminn
15.25 Það er kominn matur
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 Speechless
18.40 The Good Place
19.10 Love Island
20.10 A Million Little Things
21.00 Hawaii Five-0
21.50 Blue Bloods
22.35 Snowfall
23.20 Escape at Dannemora
00.20 Evil
01.05 Grand Hotel
01.50 FBI
02.35 FBI. Most Wanted
03.20 Cloak and Dagger

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Flugur - Smellir frá 1969
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Til allra átta
15.00 Fréttir
15.03 Stál og hnifur Farandverkafólk í sjávarútvegi fyrr og nú
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Háttalarinn
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkavikan Þáskaegg og Nornasaga - Hrekkjavakan
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsgagan. Konan við 1000 gráður (24 af 41)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.45 Mary Shelley
12.40 Lego Scooby-Doo! Blowout Beach Bash
13.55 Ocean's Eleven
15.50 Mary Shelley
17.50 Lego Scooby-Doo! Blowout Beach Bash
19.05 Ocean's Eleven
21.00 Masterminds
22.30 The Hitman's Bodyguard
00.25 Breathe
02.20 Masterminds

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.20 Masterchef USA
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Gilmore Girls
10.00 Splitting Up Together
10.20 Suits
11.00 Nettir kettir
11.50 Um land allt
12.20 Gulli byggir
12.35 Nágrannar
12.55 So You Think You Can Dance
14.15 So You Think You Can Dance
16.15 Maður er manns gaman
16.40 Catastrophe
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Fresh off the Boat
19.30 Your Home Made Perfect
20.20 Manifest
21.05 Liar
21.50 Westworld
22.55 60 Minutes
23.45 All Rise
00.30 Better Call Saul
01.25 Outlander
02.20 StartUp
03.00 StartUp
03.45 StartUp

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 The Big Bang Theory
20.40 Friends
20.55 Roswell, New Mexico
21.50 Famous In love
22.30 Insecure
23.00 It's Always Sunny In Philadelphia
23.20 Friends
23.40 The Big Bang Theory
00.00 Friends

STÖÐ 2 SPORT

06.30 Sportið í dag
07.05 Tottenham - Bayern Meistaradeild Evrópu 2019/2020.
08.50 Atalanta - Manchester City Meistaradeild Evrópu 2019/2020.
10.55 La Liga World
11.25 KR - Njarðvík Útsending frá leik 5. árið 2015.
13.30 Dominos körfuboltakvöld
14.30 Snæfell - Keflavík 2010
15.00 Sportið í dag
16.00 KR - FH 2018
16.20 Valur - Víkingur R 2019
16.40 Liverpool - Cardiff
19.05 Kristófer Acox
19.30 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur 2019/2020
20.00 Seinni bylgjan
21.00 FH - Valur 2019
21.20 Keflavík - Snæfell 2010
21.45 Newcastle - Tottenham
22.25 Breiðablik - Stjarnan Útsending frá úrslitaleik Mjóbikarsins árið 2018.

STÖÐ 2 SPORT 2

10.00 Fram - Stjarnan Útsending frá úrslitaleiknum í Borgunarbikarkeppni karla árið 2013.
12.50 Valur - KR Útsending frá úrslitaleik Borgunarbikarsins 2015.
14.40 Valur - ÍBV Útsending frá úrslitaleik Borgunarbikarsins 2016.
16.20 ÍBV - FH Úrslitaleik Borgunarbikarsins árið 2017.
18.05 FH - Víkingur R. Bikarúrslitaleikur karla 2019.
19.55 Borgunarbikar kvenna 2013. Breiðablik - Þór/KA
22.10 Borgunarbikar kvenna 2015. Stjarnan - Selfoss
23.55 Borgunarbikar kvenna 2016. Breiðablik - ÍBV

ÚTVARP


FM 88,5 XA-Radíó FM 90,9 Gullbylgjan FM 96,3 FM Suðurland FM 98,9 Bylgjan FM 102,9 Lindin
FM 89,5 Retro FM 93,5 Rás 1 FM 96,7 Létt Bylgjan FM 99,4 Útlit Saga
FM 90,1 Rás 2 FM 95,7 FM957 FM 97,7 X-ið FM 100,5 K100

USA

PLUG & PLAY

TENGJA 2 RÖR

RÝMINGARSALA



20%

AFSLÁTTUR

SÍÐASTA VIKAN

USA74	UPPSELDUR	600.000.-
USA84	790.000.-	NÚ 632.000.-
USA84	850.000.-	NÚ 680.000.-

HEITIRPOTTAR.IS

HÖFÐABAKKI 1

SÍMI 7772000

SIGIN GRÁSLEPPA



REYKTUR
RAUÐMAGI



SIGINN
FISKUR



SIGIN
GRÁSLEPPA



VELJUM ÍSLENSKT

FISKRÉTTUR

DAGSINS

AÐEINS

1.790

MYN



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1
Sími 555 2800



OPIÐ
9-18

Hvernig
frí sending hjá
DORMA virkar á dorma.is

DORMA
Láttu drauminn ræstast

Heima er best
verslaðu á dorma.is og
við sendum þér það frítt

LICATA
sófar og stólar

Ný og glæsileg lína í DORMA.
Sófar, stólar og skammel úr
falllegu og slitsterku áklæði.

HEIMA ER BEST
TILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR



LICATA

hornsófi

Hornsófi í Kentucky koniak áklæði. Hægri eða vinstri
tungu. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 262 x 226 x 82 cm

Fullt verð: 249.990 kr.

Aðeins **187.493 kr.**



LICATA

2ja og 3ja sæta sófar

Sófarnir eru í tvennskonar litum af Kentucky áklæði. Annarsvegar
koniak og hinsvegar steingráu. Svartir nettir járnfætur.

Stærð 2ja sæta: 159 x 94 x 82 cm. Stærð 3ja sæta: 199 x 94 x 82 cm

2ja sæta fullt verð: 119.990 kr.

3ja sæta fullt verð: 149.990 kr.

Aðeins **89.993 kr.** **112.493 kr.**

Hvernig
frí sending hjá
DORMA virkar á dorma.is

DORMA
Láttu drauminn ræstast

www.dorma.is
VEFVERSLUN
**ALLTAF
OPIN**

HEIMA ER BEST
tilboðin

KLIKKADU Á VÖRU
OG ÞÚ FERÐ BEINT
INN Í VEFVERSLUN
DORMA.IS

STYTTU ÞÉR LEIÐ GEGNUM BÆKUNINGNI OKKAR
RÚM 2-3 | Mjálkveita og dómur 14-17 | Stólar 18-19 | Sófar 20-23 | Húllar, bekkir og útlögur 24-26 | Alltari og smáveita 27-42

Þú finnur
nýjan
bækling
á dorma.is

Breyttur afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 12-18
Laugardaga kl. 12-18
www.dorma.is

Holtagördum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn ræstast



Bjarni Gautur heldur ótraudur áfram hugsjónastarfi sínu með íslenskum útgáfum af upprunasögum helstu Marvel-hetjanna og nú er röðin komin að bernskubækjum fulltrúa okkar á Norðurlöndunum, Ása-Þór. FRÉTTABLAÐIÐ/BIRNA

Ofurhetjur í skugga eilífðargelgjunnar

Bjarni Gautur leggur áherslu á að íslenskar þýðingar á sögum um Marvel-hetjurnar hefjist á byrjunarreit hvernar persónu og kynnir því þór til sögunnar áður en hann hefur náð tókum á Mjölni.

Myndasöguútgefandinn Bjarni Gautur byrjaði ungur að leiðbeina nýjum lesendum um myndasöguheima ofurhetjanna sem kenndar eru við Marvel og leggur því mikið upp úr því að sögunnar sem hann gefur út í íslenskum þýðingum byrji á byrjuninni, ef svo má að orði komast, á ferli hvernar hetju fyrir sig.


„Þetta er saga sem heitir Thor: Son of Asgard,“ segir Bjarni um fyrstu íslensku bókina um þrumuguðinn Þór sem síðar á eftir að ganga til liðs við hina feykivinsælu Hefnendur, The Avengers, sem vart þarfnast frekari kynningar.

„Þegar Marvel er annars vegar veit maður aldrei hvar á að byrja og við áttum þess kost að gefa þetta út í réttari tímaröð. Þetta er fyrsta Þórs sagan og gerist þegar hann er bara táníngur,“ segir Bjarni og tekur undir að á norðamáli megi segja um forleik, eða „prequel“, að ræða. „Þetta er áður en hann fer í Avengers, áður en hann verður sá Þór sem við þekkjum.“

Ylhýrar ofurkempur

Þetta er fjórða Marvel-þýðingin sem kemur út undir merkjum Hetjumyndasagnaútgáfu Bjarna en upprunasögur Hulk, X-Men og hins ótrúlega Spider-Man ruddu brautina fyrir Þór á táningsaldri.

„Hugmyndin með Hetjumyndasögum er að gefa allt út í réttari tímaröð,“ heldur Bjarni áfram og bætir við að slíkt hafi ekki verið gert áður með efni frá Marvel og ljóst að útgefendur íslenskra hasarblaðaþýðinga halda sig við sérleiðir þar sem Nexus hefur á allra síðustu árum einbeitt sér að íslenskum þýðingum á sérvöldum og sigildum sögum um Leðurblökuna, sjálfan Batman.



Þrumuguðinn Þór á sér langa sögu sem Marvel-hetja en birtist nú ungur og óreyndur í sögu frá 2009.

ÉG VAR ÞRETTÁN ÁRA ÞEGAR FÓLK VAR MIKID AÐ LEITA TIL MÍN OG SPYRJA HVAR ÞAÐ ÆTTI AÐ BYRJA EF ÞAÐ VILDI TIL DÆMIS ÞETTA INN Í X-MEN.

Sigildar og sívinsælar ofurhetjur úr herbúðum keppinautanna DC og Marvel hafa nú í á annað ár látið hressilega að sér kveða á íslensku og viðtökur lesenda hafa verið nógu góðar til þess að útgefendur íslensku þýðinganna halda ótrauðir áfram.

Bjarni segist aðspurður enn óbugaður og er þegar farinn að huga að næstu bókum; X-Men bók 2, Silver Surfer bók 1 og framhaldinu af æsku-ævintýrum Ása-Þórs.

„Hugmyndin er að halda áfram eins lengi og það er áhugi og sem

betur fer eru enn nógu margir að kaupa þýðingarnar þannig að við getum haldið áfram að gera þetta.“

Æskuhugsjón í fullorðinsútgáfu
Bjarni rak sig ungur á að nýjum lesendum væri hætt við að lenda í ógöngum ef þeir legðu blint á Marvel-meginhafid þar sem straumar, stefnur og tímalínur mynda ólgandi brotsjó.

„Þetta var rosa svona skritið og ég var þrettán ára þegar fólk var mikið að leita til mín og spyrja hvar það ætti að byrja ef það vildi til dæmis detta inn í X-Men. Það var erfitt en gaman að reyna að hjálpa fólki í gegnum,“ segir Bjarni og bætir við að með íslenskum útgáfum sínum haldi hann í raun þessu starfi áfram.

Bara með markvissari hætti, og hann segist þess fullviss að þeir sem hyggi á fyrstu kynni við Marvel-myndasöguheiminn séu í nokkuð öruggum höndum hjá honum.“

Sívinsæl gelgja eilífðarinnar

Þegar talið berst að því hvaða Marvel-hetja njóti mestra vinsælda hjá íslenskum lesendum þarf Bjarni ekki að róta djúpt í Excel-skjöl yfir sölutölur. Pétur Parker, Köngu-lóarmaðurinn, með sína ólæknandi unglíngaveiki virðist enn sem fyrr halda ungum lesendum í vef sínum. Eins og hann hefur gert í áratugi.

„Ég held að Spider-Man sé vinsælastur,“ segir útgefandinn og tekur undir að ódrepanði æskufjör Lóa vegi þar þungt. „Það kom mér samt á óvart hversu vinsælir X-Men eru líka en ég hélt að persónurnar sem hafa verið í Marvel-myndunum myndu verða vinsælastar. Þannig að það var gaman að sjá að fólk tók rosa vel í X-Men,“ segir hann um þetta rómaða gengi stökkbreyttra ofurhetja sem hingað til hafa staðið á eigin fótum í kvikmyndum utan stóra Marvel-heimsins.

toti@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson, hlynur@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Elin Albersdóttir elin@frettabladid.is RADAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

ÓBREYTT VERÐ Á NÝJUM BÍLUM!

Bílabúð Benna hækkar ekki verð!

Þrátt fyrir óhagstæða gengisþróun undanfarið er Bílabúð Benna staðráðið í að standa verðlagsvaktina og hefur því ekki hækkað verð á nýjum bílum. Þetta er okkar framlag til verðstöðugleika og þannig hyggst fyrirtækið létta undir með því fólki sem er í bílahugleiðingum.



Gengi íslensku krónunar á vef Landsbankans 17. apríl, 2020.



Bíll með fyrirvara um mynd- og textabreytingar



Rexton - 4x4 jeppi ársins

7 manna, hátt og lágt drif, byggður á grind,
3 tonna dráttargeta

Óbreytt verð frá:

7.990.000 kr. sjálfskiptur



Tivoli 4x4

Fjórhjóladrif m/læsingu

Óbreytt verð frá:
4.290.000 kr.



Ampera-e 60 kwh

100% rafmagn og nóg pláss

Óbreytt verð frá:
4.590.000 kr.



Grandland X

Þýsk gæði og mikill búnaður

Óbreytt verð frá:
4.490.000 kr.



Combo Cargo

Sendiferðabíll ársins

Óbreytt verð án vsk. frá:
2.572.581 kr.

BAKÞANKAR

Láru G.
Sigurðardóttur



Hreinn bossi

Einn dag fyrir stofufangelsi hér í Kísildalnum héldum við hjónin í Costco til að kaupa klósettpappír. Við komum að tónum brettum en fundum af rælni síðasta pakkann. Á leiðinni út svöruðum við leitandi viðskiptavinum afsakandi: „Við fengum þann síðasta.“ Síðan hafa liðið fimm vikur og enn er skortur á klósettpappír. Brandarar þess efnis eru hættir að vera fyndnir. En hver er þessi vara sem nú telst lífsnauðsynleg? Klósettpappír var fundinn upp í Bandaríkjunum 1857 en komst ekki í almenna notkun fyrr en hundrað árum síðar því það þótti forboðið að ræða um tilgang vörunnar. Bandaríkjamenn eiga heimsmet í notkun og notar hver að meðaltali 140 rúllur á ári. Klósettpappír er framleiddur úr efnakássu: Uppistaðan er kvoða sem fæst einungis úr aldagömlum trjám eða endurunnið efni, ásamt bleikiefnum o.fl. Eftir því sem pappírinn er mýkri því verri er hann fyrir umhverfið.

Til að þrifa afturenda jarðarbúa eru um 270 þúsund tré höggvin dag hvern. Við erum bókstaflega að sturta niður skógum jarðarinnar. Þetta þarf ekki að vera svona því önnur lausn hefur verið til í þrjár aldir þótt hún hafi ekki orðið almennilega notendavæn fyrr en 1980. Afturendinn er skolaður með volgu vatni og loftþurrkaður. Skolseta finnst á 80% japanskra heimila og í dag getur þú fengið skolsetu með innbyggðum hita, silfurögnum og dauðhreinsun. Þú getur stýrt vatnshita, þrýstingi o.fl. með þráðlausri fjarstýringu eða snjallforriti.

Hér er mikið í húfi. Bossinn verður hreinni, dýr fá að þrifa í skógum og við fáum meira súrefni. Stundum þarf meiriháttar krisu til að knýja fram breytingar, eins og klósettpappír sem er að klárast...

VERUM HEIMA OG VERSLUM Á ELKO.IS



SWAGTRON SG11 RAFHLAUPAHLÓL

- 250W, allt að 22 km drægni
- 25 km/klst. hámarkshraði
- Tvöfalt bremsukerfi
- 120 kg burðargeta

SG11

34.995

BORGAÐU MEÐ ÚRINU



FITBIT VERSA 2 SNJALLÚR

FB507RGPK -PE -BK

31.995



SMART SVIFBRETTI

NIHBBBLUE NIHRRED NIHNBLACK

29.995



SAMSUNG 65" RU7475 SNJALLSJÓNVARP

22896

189.990



SAMSUNG 82" RU8005 SNJALLSJÓNVARP

UE82RU8005T

399.995

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

ITTER
SPORT 100G
5 TEG
299
KR/STK
2990 KR/KG



Kvikk
ON THE GO

ORKAN

PANTAÐU Á ELKO.IS

Ef pantað er fyrir 13:00 getur þú sótt vöruna samdægurs í næstu verslun eða fengið hana senda heim til þín, á valdar NI stöðvar eða í næsta póstbox.



SAMSUNG GALAXY A51

SMA515BLA -BLU -WHI

59.985



SAMSUNG GALAXY S20

SMG980BLU -GREY -PIN

159.995

NJÓTTU ÞÍN HEIMA MEÐ STARBUCKS



STARBUCKS KAFFI

VERÐ FRÁ:

695



SENNHEISER MOMENTUM III

SEMOMWIRELIII

54.995

ELKO